# FRÉTTABLAÐIÐ

125. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR | frettabladid.is | ÞRIÐJUDAGUR 29. JÚNÍ 2021





Þótt sumarblíðan sé hvergi betri á landinu en fyrir norðan og austan, nýttu borgarbörnin sumarveðrið í borginni vel. Þessir piltar kunnu vel að meta hjólabrettasvæðið á Miðbakkanum og léku þar listir sínar. Hjólabrettasvæðið var opnað snemma í fyrrasumar og hefur vakið mikla lukku. Góð veðurspá er um allt land næstu daga og aldrei að vita nema hitamet falli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Virkjanaleyfi fyrir Hvalárvirkjun haldið við

HS Orka telur Hvalárvirkjun enn góðan virkjanakost þó framkvæmdir hafi verið stöðvaðar í fyrra. Samningar við landeigendur hafa verið framlengdir.


kristinnhaukur@frettabladid.is


**STRANDIR** HS Orka hefur framlengt samninga við landeigendur í Árneshreppi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Hvalárvirkjunar. Verkefnið er í bið og ekkert verður framkvæmt í sumar, hvorki vegagerð né annað. Gerðar verða vatna- og rennslismælingar á Ófeigsheiði.

„Hvalárvirkjun en enn þá áhugaverður kostur sem við erum með á teikniborðinu,“ segir Jóhann Snorri Sigurbergsson, upplýsingafulltrúi HS Orku. „Þetta myndi veita HS Orku möguleika á sveigjanlegu rafmagni til að framleiða í takti við þarfir markaðarins.“

Hvalárvirkjun er annar tveggja vatnsaflskosta í nýtingarflokki rammaáætlunar, ásamt Blönduveitu. Jóhann segir það gera kostinn fýsilegan. Eftir að vegaframkvæmdir stöðvuðust og framkvæmdaaðilinn VesturVerk sagði upp öllu starfsfólki sínu á Ísafirði fyrir rúmu ári hefur HS Orka einbeitt sér að öðrum verkefnum. Það er 30 megawatta stækkun á Reykjanesi og endurgerðir í Svartsengi til að auka framleiðslu.

Jóhann bendir hins vegar á að HS Orka sé með virkjanaleyfi og megi ekki sitja auðum höndum. Með mælingunum haldi verkefnið áfram og einnig hafi verið sótt um endurnýjun rannsóknarleyfis hjá Orkustofnun.

> ”
> **Umhverfisstofnun er ekki að sinna þessu eins og hún á að gera**



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar.

Fyrirhuguð Hvalárvirkjun er ein umdeildasta virkjanaframkvæmd undanfarins áratugar. Hafa gengið mörg kærumál til að reyna að stöðva hana, meðal annars af hálfu Landverndar á framkvæmdaleyfi VesturVerks. Sú kæra var dregin til baka að ósk úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál þegar framkvæmdirnar stöðvuðust.

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir málið nú í biðstöðu. „Það sem liggur á að gera núna er að friðlýsa svæðið,“ segir hún. En árið 2018 sendi Náttúrufræðistofnun erindi til Umhverfisstofnunar um að svæðið verði sett á Náttúruminjaskrá. Þar liggur það enn. „Umhverfisstofnun er ekki að sinna þessu eins og hún á að gera,“ segir Auður.

Aðspurð segist Auður ekki eiga von á því að HS Orka fari aftur af stað með verkefnið. Hvalárvirkjun sé einstaklega óhagkvæm virkjun og aðrir kostir mun vænlegri, sem þar að auki spilli ekki verðmætum náttúruminjum.

Fari svo að verkefnið fari á fullt skrið aftur muni samtökin að sjálfsögðu beita sér til að stöðva það. „Þá tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið, bæði með kærunni á framkvæmdaleyfið og með því að þrýsta á friðlýsingu.“ ■




HVAR & HVENÆR SEM ER

Vefsýningarsalurinn okkar er alltaf opinn!

www.hekla.is

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is



Í sumar er opið alla virka daga hjá HEKLU á Laugavegi og Klettháls.



Ekki varð aukning í sölu hjá Vínbúðinni þrátt fyrir þjóðhátíðarstemninguna í landinu fyrir helgina.

## Engin aukning í vínsölu þrátt fyrir endurheimt frelsi

thorgrimur@frettabladid.is

**VERSLUN** Íslendingar þyrptust á skemmtanalífið og léku við hvern sinn fingur þegar sóttvarnarreglum var aflétt í byrjun helgarinnar. Þrátt fyrir þetta nýfengna frelsi varð hins vegar ekki aukning í sölu áfengis hjá Vínbúð ríkisins. Raunar dróst salan lítillega saman, bæði miðað við síðustu viku og sömu viku árið 2020.

„Það sést engin hrópandi breyting,“ sagði Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR. „Í þessari viku seldust 555.000 lítrar af áfengi. Í síðustu viku seldust 582.000 lítrar, en þá var reyndar líka rosalega mikið af útskriftarveislum. Salan á föstudaginn var ögn minni en vikuna á undan og heilt yfir er júnímánuður aðeins minni en í fyrra, en hann er auðvitað ekki búinn.“ ■

## Friðsæld í hjarta borgarinnar


Fyrir þá sem vilja njóta sumarblíðunnar úti við en kjósa frekar næði og ró í stað þeirra ærsla sem búast má við á flestum útivistarsvæðum borgarinnar geta kíkt við í Hólavallakirkjugarði. Þótt starfsmenn sinni garðslætti og öðru viðhaldi og fjölmenni heimsæki garðinn daglega, er hann alltaf jafn friðsæll. Þar er líka skjólbetra en á flestum öðrum útivistarsvæðum borgarinnar. Svo er hann eins og minjasafn undir berum himni og ekkert kostar inn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Lúsmýið er byrjað að bíta landsmenn

kristinnhaukur@frettabladid.is

**LÍFRÍKI** Náttúrufræðistofnun hafa borist nokkrar tilkynningar um bit lúsmýs í sumar. Matthías Alfreðsson skordýrafræðingur segir grannt fylgst með þróuninni. Júní hefur verið kaldur en Matthías segir að það eigi eftir að koma í ljós hversu mikil áhrif það hafi á lúsmý, sumarið og flugutíminn sé rétt að byrja.

„Flugtíminn er frá júní og til loka ágúst. Það er ekki vitað hvort um er að ræða eina eða tvær kynslóðir en langur flugtími gæti bent til tveggja kynslóða,“ segir hann. „Talin voru eintök sem veidd voru í gildru eitt árið og þá var fjöldinn mestur í lok júlí og byrjun ágúst.“

Fólk er farið að birta myndir af sér á samfélagsmiðlum, útsteypt af biti. Samkvæmt óformlegri könnun blaðsins virðist Suðurlandið mesta hættusvæðið um þessar mundir.

» Búast má við mestum fjölda í lok júlí og byrjun ágúst.

Matthías segist ekki geta fullyrt að einstaka staðir séu verri en aðrir en útbreiðslan sé að aukast og gera megi ráð fyrir að lúsmýið leggi allt Ísland undir sig. „Skráðum fundarstöðum hefur fjölgað og já, ég held að það megi gera ráð fyrir því,“ segir hann. ■

Tenerife í sumar
Beint morgunflug
Marylanza
• 10. júlí í 7 nætur
• 2 fullorðnir og 2 börn

Frá 114.900 kr
www.aventura.is
Aventura
• Sími: 556 2000
• Sundagarðar 2 - 104 Reykjavík

# Drukku bikarinn í botn fyrstu haftalausu helgina

Djammþyrstir Íslendingar fjölmenntu í miðbæ Reykjavíkur og skemmtu sér vel. Sprittuðu sig og það var bros á hverjum gesti – jafnvel þó það þyrfti að bíða í smástund í röð. Akureyringar glöddust einnig í blíðunni fyrir norðan.

benediktboas@frettabladid.is


Það var mikið fjör víða um bæ alla helgina. Hér fyrir utan skemmtistaðinn Röntgen. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SAMFÉLAG** „Við áttum nóg brennivín og bjór en það mátti ekki tæpara standa. Ég hef ekki heyrt annað en að helgin hafi gengið vel og gleðin hafi verið mikil og gestir alveg svakalega kurteisir,“ segir Arnar Þór Gíslason, einn eigenda Lebowski bars, Kalda bars, Enska barsins, The Irishman Pub og Dönsku kráarinnar í miðbæ Reykjavíkur.

Dagbók lögreglunnar telur aðeins fjögur atvik úr miðbænum á laugardag. Þá var bongóblíða og þeir sem voru þyrstir settust út í sólina og fengu sér drykk. Öllum samkomutakmörkunum var aflétt á föstudag nokkuð óvænt og gátu skemmtistaðir og barir haft opið án nokkurra takmarkana í fyrsta sinn í 15 mánuði.

Arnar segir að það hafi verið góð mæting í miðbæ borgarinnar og gleðin svo sannarlega við völd. „Fólk mætti með bros á vör á krár og bari og hélt áfram að spritta sig nánast án undantekninga, sem er gott.

Við erum með gott starfsfólk og það var hægt að kalla út aukafólk án vandkvæða. Sumt var jafnvel til í að vinna lengur enda langt síðan að það var svona gaman,“ segir hann.

Arnar bætir við að hann hrósi ríkisstjórninni fyrir að aflétta á föstudag enda reyndist þessi helgi vera risastór, þökk sé veðrinu. „Það hefði verið gríðarlegt tjón að missa þessa helgi og mér dettur ekki í hug að væla yfir stuttum fyrirvara á afléttingum. Í raun skipti sköpum að við fengum þessa risahelgi rétt fyrir mánaðamót, annars hefðu þau orðið mun erfiðari. Mér heyrist að fólk hafi verið extra ánægt að fá sér bjór hjá okkur til að styðja okkur – enda vita allir hvað þetta er búið að vera erfitt,“ segir hann.

” Fólk mætti með bros á vör á krár og bari og hélt áfram að spritta sig nánast án undantekninga, sem er gott


Arnar Þór Gíslason

Ívar Sigurbjörnsson, einn af eigendum Götubarsins á Akureyri, tekur í svipaðan streng. Segir að það hafi komið sér í opna skjöldu að öllu hafi verið aflétt á föstudag. „Það var samt nóg til hjá okkur. Veðrið var gott, eins og alltaf hér fyrir norðan, og fólk fjölmennti. Gestir voru kurteisir og glaðir að vera komnir út á lífið og ég held að þetta hafi gengið vonum framar,“ segir Ívar. ■

# TILTEKTAR DAGAR

# 20-70% AFSLÁTTUR



TÖKUM TIL Á LAGER, RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM.
SÓFAR, STÓLAR, RÚM, LJÓS, BORÐ O.S.FRV Á ÓTRÚLEGU VERÐI

**KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP**



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



Lekinn uppgötvaðist í gær.

## Hreinsunarstarf standi út vikuna

lovisa@frettabladid.is

**TJÓN** Hreinsunarstarf stendur nú yfir í Háteigskirkju eftir að leki uppgötvaðist þar um miðjan dag í gær. Líklegast er að upptök lekans megi rekja til kyndibúnaðar kirkjunnar.

„Það lak stíft úr honum í líklega hér um bil sólarhring,“ segir Kristján Jón Eysteinsson kirkjuhaldari í samtali við Fréttablaðið.

„Það er verið að þurrka kirkjuna að innan og blásarar í gangi sem verða í gangi í nótt og á morgun,“ segir Kristján Jón og gerir ráð fyrir að hreinsunarstarfið standi út vikuna. Mesta tjónið hafi orðið í kjallaranum þar sem lekinn var mestur. ■

## Kúgunarmál tekið fyrir í Hæstarétti

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fallist á að taka til meðferðar mál manns sem dæmdur var til fjögurra ára fangelsisvistar í Landsrétti í febrúar fyrir að nauðga konu og fyrir að villa á sér sér heimildir í samskiptum við hana í tæpt ár, kúga hana til kynmaka með öðrum mönnum og til að senda sér kynferðislegt myndefni.

Í áfrýjunarbeiðni mannsins til Hæstaréttar er meðal annars byggt á því að Landsrétti hafi borið að vísa málinu frá héraðsdómi þar sem málið hafi ekki verið nægilega rannsakað af lögreglu og ákæra í málinu hafi ekki staðist kröfur um skýrleika. Þá byggði maðurinn einnig á því að Landsréttur hafi brotið gegn meginreglu um milliliðalausa sönnunarfærslu með því að hafna kröfu um að teknar yrðu skýrslur af ákærða, brotaþola og öðrum vitnum fyrir Landsrétti.

Hæstiréttur telur úrlausn um þessi atriði hafa verulega almenna þýðingu og féllst því á áfrýjunarbeiðnina. ■

# Nýjar reglur um gjafir til lögreglu í lokavinnslu

adalheidur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Lögregluembættin eru nú að leggja lokahönd á nýjar reglur sem gilda eiga um móttöku gjafa og ívilnana til starfsfólks lögreglu.

Í skýrslu Greco, samtaka ríkja gegn spillingu, sem birt var um Ísland í fyrra var kallað eftir endurskoðun á reglum um þetta efni. Helgi Valberg Jensson, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að reglurnar hafi verið orðnar úreldar og tækifærið gripið þegar skýrsla Greco kom. Reglurnar eiga að setja starfsfólki lögreglunnar skýr viðmið um móttöku gjafa, svo sem afslátta sem fyrirtæki bjóði gjarnan starfsmannahópum, en ívilnanir geti birst í margs konar formi.

Aðspurður um Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna, sem verið hefur í umræðunni fyrir að afla styrkja í samfélaginu og auglýsa gegn neyslu kannabisefna, segir Helgi að öllum sé frjálst að stofna með sér félög í lögmætum tilgangi.

> Menn mega ekki gera neitt sem varpað getur rýrð á starf þeirra
>
> Helgi Valberg Jensson, aðallögfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Félagið sé ekki á vegum lögreglunnar og lögregluembættin stjórni því ekki að einstaka starfsmenn ákveði að stofna með sér félög.

„Hins vegar þurfa starfsmenn lögreglu, eins og allir opinberir starfsmenn, að fara að siðareglum og ákvæðum laga sem gilda um góða starfshætti og hlutleysi. „Menn mega ekki gera neitt sem getur varpað rýrð á starf þeirra eða skaðað það traust sem opinberir starfsmenn þurfa að njóta. Það eru viðmiðin,“ segir Helgi. ■

# Lýtaaðgerðir vinsælar í faraldrinum

**Samfélags- og efnahagskrísur leiða gjarnan af sér aukna eftirspurn eftir lýtalækningum. Lýtalæknar á Íslandi segjast hafa haft nóg að gera í faraldrinum.**

urduryrr@frettabladid.is



Lýtaaðgerðum hefur fjölgað á heimsvísu í kjölfar kórónuveirufaraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikil aðsókn hefur verið í lýtaaðgerðir þrátt fyrir lokanir og takmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins. „Það var mjög mikið að gera,“ segir Hannes Sigurjónsson, lýtalæknir hjá DeaMedica.

Lýtalæknastofur neyddust flestar til að loka í um átta vikur árið 2020 vegna tilmæla frá landlækni. Þrátt fyrir það fundu lýtalæknar fyrir mikilli eftirspurn.

„Við fundum alveg klárlega fyrir því. Lýtalæknar, og líklega aðrir læknar, hafa fundið fyrir að fólk fer að líta meira inn á við í svona krísum og vill gera eitthvað fyrir sjálft sig,“ segir Hannes.

Kórónuveiran bjó til einstakar aðstæður í samfélaginu. Fólk ferðaðist minna og hafði sumt meiri pening og tíma vegna þessa. Margt fólk vann heima eða minna en venjulega og hafði þá tækifæri til að jafna sig eftir aðgerðir án mikilla vandkvæða.

„Svo má nefna Zoom-faktorinn,“ segir Hannes. „Allir voru að horfa á sig á fundum alla daga, allan daginn og fóru að sjá eitthvað sem það hafði kannski ekki veitt jafn mikla athygli áður.“

Hannes nefnir að hluti fólks frestaði stórum aðgerðum þegar faraldurinn stóð sem hæst vegna hræðslu við að veikjast stuttu eftir aðgerð. Guðmundur Már Stefánsson, lýtalæknir hjá Domus Medica, segir sömuleiðis að dregið hafi úr stærri aðgerðum vegna kostnaðar, þó minna en búist var við.

„Það hefur verið alveg fínt að gera en fólk hefur frestað að fara í stærstu og dýrustu aðgerðirnar, væntanlega út af efnahagsástandinu,“ segir Guðmundur. Hann segir aðsóknina vera betri en búist var við en þó ekki jafn mikla og fyrir faraldurinn. „Það hefur verið hægur stígandi í þessu undanfarnar vikur,“ segir hann.

> Allir voru að horfa á sjálfa sig á fundum alla daga



Hannes Sigurjónsson lýtalæknir.

Erlendir miðlar hafa greint frá aukningu í geiranum í kjölfar faraldursins. Samkvæmt The Economist má merkja 10 prósenta aukningu á lýtaaðgerðum í Bandaríkjunum og um 20 prósent í Frakklandi.

Aðsókn í lýtalækningar eykst á heimsvísu í kjölfar krísa, samkvæmt formanni ítalska lýtalæknasambandsins. Eftir hryðjuverkaárásina í New York 11. september 2001 hafi aðsókn aukist um 6 prósent og 10 prósent eftir efnahagskreppuna 2007–2008.

Bankahrunið virðist hafa haft sambærileg áhrif á aðsókn í lýtaaðgerðir á Íslandi en samkvæmt tölum Hagstofunnar jukust komur til lýtalækna frá tæpum 7.000 árið 2007 í 9.887 árið 2008 og 11.647 árið 2009.

Hannes segir kollega sína hafa nefnt aukna aðsókn eftir hrunið. „Það er eins og hægist á öllu í svona krísum og fólk fer að hugsa meira um sjálft sig,“ segir hann.

Árið 2012 fækkar komum aftur í rúmar 7.000 og eru nokkuð stöðugar til ársins 2017. Ekki eru til tölur eftir árið 2017 en samkvæmt upplýsingum frá Landlækni hefur gengið erfiðlega að safna tölum frá sjálfstætt starfandi lýtaskurðlæknum um heildarfjölda aðgerða. ■



# MIKIÐ ÚRVAL

## AF VÖRUM AÐ FINNA Á BILANAUST.IS OG Í VERSLUNUM OKKAR UM ALLT LAND



REIÐHJÓLAFESTINGAR



KROON OIL VÖRUR



KERRUR




RAFGEYMAR



FARANGURSBOX




BÓN- OG HREINSIVÖRUR



MOTIP VÖRUR



RAFMAGNS HLAUPAHJÓL



FERÐAVÖRUR

**Bílanaust**

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
BÍLDSHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is



Sex létust í umferðinni hér árið 2019.

## Fæst banaslys í Evrópu á Íslandi

kristinnpall@frettabladid.is

**UMFERÐ** Samkvæmt nýrri tölfræði Eurostat, tölfræðiveitu Evrópusambandsins, voru hlutfallslega fæst dauðaslys í Evrópu á Íslandi miðað við milljón íbúa árið 2019. Alls létust sex manns í umferðarslysum árið 2019.

Veruleg fækkun banaslysa varð í Evrópu á tíu ára tímabili en alls létust 22.756 í umferðarslysum árið 2019. Tæplega helmingur þeirra var í farþegabíl og um fimmtungur gangandi vegfarendur. Árið 2009 létust tæplega 33 þúsund í umferðarslysum í Evrópu og hefur banaslysum sem rekja má til umferðar því fækkað um 31 prósent á tíu árum.

Ef miðað er við milljón íbúa reiknast sem svo að sautján látist á ári á Íslandi en næst koma Noregur með tuttugu og Sviss og Svíþjóð með 22 dauðsföll. Meðaltalið í Evrópusambandinu er 51 dauðsfall á milljón íbúa. Flest banaslys á hverja milljón íbúa verða í Rúmeníu ,96 dauðsföll og Rúmenía með níutíu.. ■

## Banna auglýsingar á óhollum mat

arnartomas@frettabladid.is

**BRETLAND** Bretar hafa ákveðið að banna auglýsingar á óhollum mat í sjónvarpi á daginn og á vefnum. Reglurnar taka gildi í lok næsta árs.

Auglýsingar á mat sem inniheldur mikið af fitu, salti eða sykri verða bannaðar fyrir klukkan 21 á kvöldin. Þá verða auglýsingarnar ekki leyfðar í stöðluðum auglýsingaplássum á vefnum, þótt heimasíður og samfélagsmiðlasíður framleiðendanna verði áfram leyfilegar.

Reglurnar eru hluti af átaki gegn offitu og til að stuðla að hollara mataræði. Kannanir þar í landi sýna að um eitt af hverjum þremur börnum útskrifast úr grunnskóla í yfirþyngd.■

# Afdrif flestra sem vilja til Japan ráðast í vikunni

thorgrimur@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTIR** Ólympíuleikarnir í Japan eru á næsta leiti og næsta vika mun að öllum líkindum leiða í ljós hverjir Ólympíufarar Íslands verða í ár. „Það er margt að gerast í þessari viku,“ sagði Andri Stefánsson, sviðsstjóri afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ. „Þann 29. júní eiga alþjóðasamböndin að fara yfir lista þeirra sem hafa náð tilsettum lágmarksárangri og fara síðan að gefa þá út. Anton Sveinn McKee náði lágmarksárangri í sundi fyrir löngu en verður samt ekki formlega staðfest-



Sundkappinn Anton Sveinn McKee náði lágmarksárangri til að keppa á Ólympíuleikum fyrir nokkru.

ur fyrr en Alþjóðasundsambandið gefur út sinn lista þann 1. júlí. Sama gildir um Ásgeir Sigurgeirsson skotkappa sem bíður staðfestingar Alþjóðaskotsambandsins.“

Andri segir að þangað til í dag sé enn hægt að ná lágmarksárangri til að komast á lista. Nefnir hann frjálsíþróttafólkið Guðna Val Guðnason og Guðbjörgu Jónu Bjarnadóttur meðal annarra sem kunni að hljóta keppnisrétt. Jafnframt muni Íslendingar eiga rétt á kvóta í sundi kvenna þar sem einn karlmaður sé þegar búinn að ná tilsettu lágmarki í þeirri keppnisgrein. „Við teljum líklegt að Snæfríður Sól Jórunnardóttir, sem er búin að ná Ólympíuviðmiði, nái inn í leikana, en það bíður staðfestingar Alþjóðasundsambandsins.“

Ekki hefur Andri áhyggjur af heilsuumhverfi Ólympíufara í ljósi veirufaraldursins sem enn geisar. „Ólympíuþorpin eru vafalaust öruggasti staður heims hverju sinni. Við erum með nánast allar leyniþjónustur heims til að halda öryggi og færustu lækna heims. Íslendingar hafa auk þess sýnt að þeir kunna að fylgja sóttvarnarreglum, þannig að ég hef engar áhyggjur af þeim.“ ■

# Leyfi fyrir húsum og breyttum rekstri verði til að sætta deilendur í Húsafelli

Með breytingu á aðalskipulagi á að stíga skref í átt að lausn á deilu landeigenda í Húsafelli vegna legsteinasafns sem dæmt var til niðurrifs. Leyfa á breytta starfsemi og aukið byggingarmagn. Enn hefur þó ekki náðst lending með útfærslu á deiliskipulagi.

gar@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** „Tilgangurinn er sá að reyna að finna leiðir svo allir geti búið í sátt og samlyndi og sætt sig við starfsemi hvert annars á landinu,“ segir Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, um nýja tillögu um breytingu á aðalskipulagi í Húsafelli.

Á Húsafellstorfunni hafa verið miklar deilur sem náðu hámarki fyrir Héraðsdómi Vesturlands, sem dæmdi að legsteinasafn sem listamaðurinn Páll Guðmundsson í Bæjargili hafði steypt þar upp væri grundvallað á ógildu deiliskipulagi og að því bæri að fjarlægja það. Legsteinasafnið stendur enn hálfbyggt því niðurrifinu var frestað á meðan deilendur reyna að ná sátt um skipan mála þar á reitnum.

„Þetta felur í sér að það er hægt að hafa annan rekstur heldur en landbúnað á jörðinni,“ segir Þórdís um megininntak tillögu að nýja aðalskipulaginu sem byggðaráð Borgarbyggðar hefur samþykkt að auglýsa og nær til svæðisins sunnan Hálsasveitarvegar, til suðurs upp í brekkur Útfjalls og austur fyrir bæjartorfuna hjá Húsafellsbænum.

Svæðinu er skipt upp í þrjá minni reiti sem tilheyra þremur



Legsteinasafn Páls Guðmundssonar, gamli bærinn þar fyrir aftan og kirkjan í Húsafelli til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

> ”
> Það er verið að reyna að finna lausn sem allir gætu sætt sig við



Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar.

aðskildum landeigendum á Húsafellstorfunni. Meðal annars er gert ráð fyrir sumarhúsabyggð og íbúðarhúsum og menningarstarfsemi og þjónustu eins og kapellu, kirkjugarði, gisti- og veitingarekstri, safni og safnasvæði, vinnustofu og ferðaþjónustu og starfsemi tengd listum.

Einnig er gert ráð fyrir ferðaþjónustu, verslun og öðrum byggingum fyrir sjálfbæra, vistvæna og lífræna ræktun. Gera á nýjar vegtengingar.

„Skilmálar endurspegla framtíðarsýn sem komið hefur fram í samráði við landeigendur,“ segir í greinargerð þar sem aðalskipulagstillagan er kynnt. „Tillagan gerir ráð fyrir að heimiluð verði íbúðarhús á svæðinu. Það er til að koma til móts við vaxandi þörf fyrir heilsársbúsetu á svæðinu en í Húsafelli er rekin umtalsverð ferðaþjónusta. Skortur er á húsnæði fyrir fólk sem þar starfar á svæðinu allt árið og er stefnunni ætlað að koma til móts við þá þörf.“

Tekið er fram að atlaga hafi verið gerð að því að vinna deiliskipulag samhliða aðalskipulaginu. „Sú vinna leiddi ekki til þess að formleg tillaga yrði lögð fram að sinni en vonandi verður af því síðar,“ segir í greinargerðinni.

Þórdís sveitarstjóri segir að áfram verði unnið að málinu. Sjálfir hafi deilendurnir rætt sín á milli.

„Það er verið að reyna að finna lausn sem allir gætu sætt sig við,“ segir sveitarstjórinn. ■






# Vilja verðskrá fyrir næstu sláturtíð

kristinnhaukur@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** Sveitarstjórnir Dalabyggðar, Strandabyggðar, Húnaþings vestra og Reykhólahrepps skora á afurðastöðvar að gefa út verðskrá fyrir komandi sláturtíð um mánaðamót og þá næstu ekki seinna en um áramót. Ófyrirsjáanleikinn sé mikill og í fyrra hafi bændur sent fé sitt í slátrun án þess að verðið lægi fyrir.

„Sauðfjárrækt er fyrirtækjarekstur. Það myndi enginn sætta sig við að gera fjárhagsáætlun en fá verðið eftir að þú leggur vörurnar inn,“ segir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, oddviti Dalabyggðar.

Vanalega hafa verðskrárnar legið fyrir í kringum verslunarmannahelgina. Yfirleitt ríða stóru afurðastöðvarnar á vaðið, SS, KS og Norðlenska, en minni stöðvar eins og Fjallalamb og Sláturhús Vopnfirðinga fylgja. Engin stöð hafði skilað verði þegar sláturtíð hófst árið 2020 og samkvæmt Eyjólfi vissu bændur í raun ekki hvort þeir fengju greitt fyrir gripina.



Í fyrra lá verð ekki fyrir þegar sláturtíðin hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það eiga allir að geta gefið út einhverjar vísbendingar,“ segir Eyjólfur um það hvort það sé raunhæft að afurðastöðvarnar gefi út verð með níu mánaða fyrirvara. Bændur verði að geta séð lengra fram í tímann. „Ég kaupi áburð í vor til að afla fóðurs fyrir kindurnar næsta vetur til þess að leggja grunninn að framleiðslu fyrir haustið 2022.“

Sveitarfélögin fjögur eru öll mjög dreifbýl og reiða sig á sauðfjárrækt. Þar búa nú rúmlega 2.500 manns og hefur fækkað um 120 á 15 árum. Eitt stærsta áfallið var verðhrun kindakjöts um rúmlega þriðjung árin 2016 og 2017. Verðið hefur síðan hækkað en hefur enn ekki náð 600 krónum á kílóið líkt og það var fyrir verðhrunið.

Hefði kindakjöt fylgt almennri verðþróun væri verðið nú 710 krónur á kílóið. Það var hins vegar 504 krónur árið 2020 og verður 535 í ár miðað við 6 prósenta hækkun sem KS hefur þegar boðað.

„Jarðir seljast ekki og bændur hugsa í auknum mæli um að draga saman eða finna sér eitthvað annað að gera,“ segir Eyjólfur Ingvi. ■




Flísar á mynd: Klint beige 60x60 cm

ALLIR VINNA

Opið virka daga frá 08:00-18:00

ÁLFABORG
- allt a gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

2020
Framúrskarandi fyrirtæki

# Sjálfræðið



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Málefni tónlistarkonunnar Britney Spears komst í hámæli í síðustu viku þegar hún ávarpaði dómstóla í Los Angeles í tilraun sinni til að losna undan forsjá föður síns. Þó svo að um sé að ræða öfgakennt mál þar sem beinir fjárhagslegir hagsmunir hlutaðeigandi eru óumdeildir, hefur umræða um réttinn til sjálfræðis komið upp í kjölfarið og það einnig hérlendis þar sem formaður Geðhjálpar hefur tjáð sig um málið.

Britney, sem er 39 ára gömul, var svipt sjálfræði árið 2008 þegar faðir hennar, Jamie Spears, var skipaður lögráðamaður hennar. Var sú ákvörðun tekin í kjölfar þess að árið 2007 var tónlistarkonan nauðungarvistuð á geðdeild eftir taugaáfall. Britney, sem þá var ein skærasta poppstjarna heims, var hundelt af ljósmyndurum og aðdáendum og eðli málsins samkvæmt undir gríðarlegu álagi. Árið 2019 steig Jamie tímabundið til hliðar sem lögráðamaður dóttur sinnar og hefur Britney farið fram á að hann fái það hlutverk ekki á ný. En þó hann sé ekki lögráðamaður hennar er hann fjárhaldsmaður hennar og fer því fyrir eignum hennar sem metnar eru á rúmlega sjö milljarða króna.

Þessu fyrirkomulagi hefur verið viðhaldið af dómstólum sem hafa metið það svo að Britney sé sökum andlegra veikinda ekki fær um að fara sjálf með vald yfir sjálfri sér, börnum sínum eða eignum. Aftur á móti hefur hún á þessum tíma verið virk í tónlistarsenunni og aflað fólkinu í kringum sig mikilla tekna með plötuútgáfu og tónleikum.

Við átján ára aldur öðlast einstaklingur hér á landi lögræði en saman mynda sjálfræði og fjárræði lögræði. Samkvæmt skilgreiningu verður ekki tæmandi talið hvað í sjálfræði felst, heldur er þar um að ræða öll þau lagalegu réttindi og skyldur sem fullorðnir bera.

Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar, hefur bent á að sjálfræðissvipting Britney sé byggð á sömu lögmálum og nauðungarvistun og sjálfræðissvipting hér á landi. En samkvæmt skaðalögmáli breska heimspekingsins John Stuart Mill er hverju siðuðu samfélagi heimilt að svipta einstakling frelsi sé hann hættulegur sjálfum sér eða öðrum og eru lög vestrænna ríkja mikið til byggð á þeim kenningum.

Heildarendurskoðun laga um lögræði liggur nú fyrir á Alþingi og kallar Héðinn í því samhengi eftir samtali um svokallaðar þvingunaraðgerðir sem eru sjálfræðis- og lögræðissviptingar og nauðungarvistanir.

Full ástæða er til stöðugrar endurskoðunar laga sem fela í sér svo gríðarleg höft á grundvallarfrelsi en núgildandi lög eru frá árinu 1998. Mat á hæfni einstaklings til að fara með ákvarðanavald í eigin lífi verður aldrei annað en huglægt og háð geðþótta fárra einstaklinga. Þó svo ég ætli engum að misnota slíkt vald og viti sem er að ákvarðanir um sjálfræðissviptingu séu hlutaðeigandi oftast þungbærar er mikilvægt að við veltum sem oftast upp grundvallarspurningum því tengdum.

Slíku valdi yfir lífi annarra verður að setja skorður – og endurskoða í sífellu. ■

> „Mat á hæfni einstaklings til að fara með ákvarðanavald í eigin lífi verður aldrei annað en huglægt og háð geðþótta fárra einstaklinga.




## Halldór




## Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

**Dælurnar ganga**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tók til varna á Facebook gegn Twitter-boðskap Dags B. Eggertssonar um þriðjungs fækkun bensínstöðva í Reykjavík. Fundvísum á heit tilfinningamál rann Sigmundi eldsneytið til skyldunnar hafandi verið sumarstarfsmaður hjá Essó á námsárunum og alls ekki útilokað að hann hafi rambað á olíuæð sem dugi til þess að keyra fylgið upp á einkabílnum og tryggja Miðflokknum pláss við málþófsdæluna næsta kjörtímabil.

**Skódi ljóti**

Skólafólk sótti stíft í sumarvinnu á bensínstöðvum þegar þær voru á hverju horni og fékk að kynnast pólitískum ráðningum í leiðinni. Nánast var til dæmis vonlaust að komast að hjá Essó án tenginga eða skyldleika við Framsóknarflokkinn sem sjálfsagt hafa komið Sigmundi Davíð í Skógarselið. Þegar hann reis löngu síðar til pólitískra metorða rifjaðist upp fyrir vinnufélögum hans að bensínlokin á gamla Skóda hafi reynst forsætisráðherranum, eins og mörgum nýliðanum, býsna erfið viðureignar. Hafi þeim tekist að útskrifa hann í þeim tékknesku verkfræðiundrum ættu þó lausnir á vandamálum á borð við þverrandi fylgi að leika í höndum hans. ■

# Borðum meira af grænmeti og ávöxtum



Alma Möller
landlæknir

Fyrstu niðurstöður landskönnunar á mataræði benda til að neysla grænmetis og ávaxta hafi staðið í stað og jafnvel minnkað. Nú er ávaxta- og grænmetisneyslan að meðaltali um 220 g á dag; 115 g af grænmeti og 105 g af ávöxtum. Þetta er einungis tæplega helmingur af þeim 500 g sem sérfræðingar ráðleggja 10 ára og eldri.

Neysla grænmetis og ávaxta er mikilvæg; dregur úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki 2 og ýmsum tegundum krabbameina auk þess að auðvelda okkur að viðhalda heilsusamlegri líkamsþyngd. Hollustan er meðal annars fólgin í ríkulegu magni af vítamínum, steinefnum, trefjum og mörgum hollum efnum. Í grófu grænmeti er sérstaklega mikið af trefjum sem eru mikilvægar fyrir heilbrigða meltingu.

Ráðlagt er að borða 5 skammta af grænmeti og ávöxtum á dag, minnst 500 g samtals. Að minnsta kosti helmingurinn ætti að vera grænmeti. Einn skammtur, 100 g, gæti til dæmis verið stór gulrót, stór tómatur, tveir dl af salati, meðalstórt epli eða lítill banani. Kartöflur, hnetur, þurrkaðir ávextir t.d. rúsínur og hreinir safar, teljast ekki með í fimm á dag.

Grænmeti í mismunandi litum inniheldur mismunandi vítamín og steinefni. Rautt og appelsínugult grænmeti inniheldur meðal annars betakarótín (A-vítamín), á meðan dökkgrænt grænmeti inniheldur til dæmis kalk, fólat og járn. Því er mikilvægt að borða fjölbreytt grænmeti, bæði gróft og trefjaríkt eins og spergilkál, blómkál, hvítkál, rótargrænmeti, lauk, baunir og linsur en einnig fínni og vatnsmeiri tegundir svo sem tómata, salat, agúrku og papriku. Baunir og linsur eru grænmeti og góðir próteingjafar og því mikilvægur hluti af fjölbreyttu fæði.

Heilsufarslegur ávinningur af því að auka neyslu á fæðu úr jurtaríkinu, s.s. á grænmeti, ávöxtum, berjum, baunum og linsum er mikill. En það er líka gott fyrir umhverfið. Aukin neysla á jurtaafurðum og minni neysla dýraafurða hjálpar til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. ■

> „Neysla grænmetis og ávaxta er mikilvæg; dregur úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki 2 og ýmsum tegundum krabbameina.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Dýrmætur tími fyrir börnin hefur glatast



**Kolbrún Baldursdóttir,**
oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur.

Loks er meirihlutinn í borgarstjórn að taka við sér þegar kemur að því að ráðast til atlögu gegn löngum biðlistum. Meirihlutinn lagði fram á dögunum pakka af tillögum um að taka á biðlistum barna til fagfólks skólaþjónustu og færa jafnframt fagfólk nær börnunum í skólunum. Sálfræðingar eiga þó ekki að hafa fullt aðsetur innan skólanna eins og fulltrúi Flokks fólksins hefði viljað sjá og hefur ítrekað lagt til. Það er auk þess vilji margra skólastjórnenda enda þjónar slíkt fyrirkomulag best börnum og starfsfólki. Hér talar fulltrúi Flokks fólksins af 10 ára reynslu sinni sem skólasálfræðingur.

Nú bíða 1.056 börn eftir þjónustu fagfólks skóla. Biðlistinn hefur verið að lengjast jafnt og þétt síðustu árin. Covid-ástandið bætti ekki úr en nú bíða sem dæmi 434 börn eftir þjónustu talmeinafræðings. Fulltrúi Flokks fólksins hefur frá upphafi kjörtímabils barist fyrir því að fagfólki verði fjölgað og að farið verði markvisst og kerfisbundið í að stytta biðlista barnanna. Talað hefur verið fyrir daufum eyrum allt kjörtímabilið. Segir í nýlegum pistli formanna skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs „að sérstakt átak verður gert í að styðja við börn sem leitað hafa eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga skólaþjónustunnar í vetur en umsóknum um skólaþjónustu hefur fjölgað hratt undanfarið í tengslum við Covid-faraldurinn“.

Hugsanlega má reikna með að eitthvað af umbótatillögum meirihlutans á skóla- og velferðarsviði verði orðnar að veruleika rétt fyrir borgarstjórnarkosningar sem verða í maí á næsta ári. Er það ekki dæmigert að efna eigi loforð rétt fyrir kosningar sem gefin voru fyrir síðustu kosningar? Nái þessi meirihluti aftur kjöri má ætla að sama gerist og síðast, hin fögru loforð fara í skúffu og þegar líður aftur að kosningum verði aftur dustað af þeim rykið?

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar vissulega að stíga eigi þetta skref og samþykkti allar þessar tillögur. Segja má „betra seint en aldrei“. Allt sem er gott fyrir börnin þótt skrefin séu lítil styður fulltrúi Flokks fólksins í borgarstjórn. Hins vegar hefur dýrmætur tími tapast. Fyrir tugi barna sem hafa verið á biðlistum er ansi seint í rassinn gripið. Þau hafa mátt bíða mánuðum saman og jafnvel árum með vandamál sín óleyst í þeirri von að brátt komi nú röðin að þeim og þau fái fullnægjandi þjónustu í formi einstaklingsmiðaðrar faglegrar aðstoðar. Mörg hafa útskrifast úr grunnskóla án þess að hafa fengið aðstoð ýmist að hluta til eða öllu leyti.

**Stafræn umbreyting sett ofar en aðstoð við börn í vanda**

Á meðan börnin hafa beðið hefur hins vegar ekki flækst fyrir meirihluta borgarstjórnar að ákveða að ráðstafa 10 ma.kr. í stafræna umbreytingu eða öllu heldur stafræna umbyltingu. Fyrir brot af þessum tíu milljörðum mætti gera mikið fyrir börnin í borginni og aðra viðkvæma hópa. Ekki er um það deilt að stafrænar lausnir eru af hinu góða. Nauðsynlegt er að einfalda ákveðna ferla til að flýta afgreiðslu sem dæmi. En meðhöndla þarf fjármuni borgarinnar af skynsemi og ábyrgð. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að það hafi ekki verið gert þegar kemur að innleiðingarferli stafrænnar umbreytingar í borginni. Um þau mál hafa verið lagðar fram fjöldi bókana og fyrirspurna. Eitt er víst að engin stafræn umbreyting mun verða til þess að grynnka á biðlistum á meðan ekki er nægt fagfólk ráðið til verksins, hvorki talmeinafræðingar né sálfræðingar. Þess utan þarf enga 10 ma.kr. til að taka nauðsynleg skref í einföldun rafrænna ferla. Hluti þessa fjármagns hefði átt að ráðstafa til að styrkja skólaþjónustu grunnskólanna og ráða fleira fagfólk, sálfræðinga og talmeinafræðinga.

Þær eru ófáar tillögurnar sem fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram á kjörtímabilinu sem lúta að lausnum á biðlistavanda borgarinnar. Biðlistar í borginni eru eins og illkynja mein sem vaxið hefur hratt síðustu árin. Allar tillögur Flokks fólksins hafa verið felldar eða þeim vísað frá meira og minna. Vaxandi vanlíðan barna hefur verið staðfest af Landlæknisembættinu, í könnunum Velferðarvaktarinnar og nú síðast í nýrri íslenskri rannsókn sálfræðideildar HR og Rannsóknar og greiningar. Niðurstöður bera að sama brunni þ.e. að börn og ungmenni sýna aukin þunglyndiseinkenni og segja andlega líðan sína verri en áður. Áhrif og afleiðingar Covid hefur bæst ofan á þá slæmu stöðu sem fyrir var. ■

> Ekki er um það deilt að stafrænar lausnir eru af hinu góða. Nauðsynlegt er að einfalda ákveðna ferla til að flýta afgreiðslu sem dæmi

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING



Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það. Komdu í hópinn!

Í Ljósið leita hundruðir einstaklinga í endurhæfingu í hverjum mánuði en einnig fá þar aðstandendur stuðning og fræðslu. Greiningum á krabbameini fjölgar en á sama tíma verða lífslíkur betri. Því er aukin þörf á faglegri endurhæfingu fyrir líkama og sál.

Við þurfum fleiri ljósavini. Vertu mánaðarlegur styrktaraðili á **www.ljosid.is**

Ljósið



Serena er af mörgum talin ein besta íþróttakona allra tíma.

## Serena mun ekki keppa í Tókýó

kristinnpall@frettabladid.is

**TENNIS** Tennisstjarnan Serena Williams staðfesti á blaðamannafundi fyrir Wimbledon-mótið í tennis að hún myndi ekki þiggja boð um að keppa á Ólympíuleikunum ef það stæði til boða í ár. Serena er ekki nægilega ofarlega á heimslistanum til þess að komast beint inn en hún hefur nú staðfest að hún muni ekki gera atlögu að fimmtu gullverðlaunum á Ólympíuleikunum.

Serena, sem hefur unnið 23. risamót á ferlinum og fern gullverðlaun á Ólympíuleikunum, hafði orð á því að hún væri ekki á listanum yfir Ólympíuþátttakendur og að hún ætti það heldur ekki skilið. Hin fertuga Serena vann til gullverðlauna í einliðaleik árið 2012 og hefur unnið þrisvar til gullverðlauna í tvíliðaleik með systur sinni, Venus Williams.

Það eru því tvær af stærstu stjörnum tennisíþróttarinnar búnar að tilkynna að þau komi ekki til með að keppa í Tókýó, en stutt er síðan Rafael Nadal sagði að hann myndi ekki keppa á Ólympíuleikunum til þess að gefa líkamanum hvíld. ■

## Annar smitaður Ólympíufari

kristinnpall@frettabladid.is

**HNEFALEIKAR** Nokkrum dögum eftir að fyrsti Ólympíufarinn greindist smitaður af Covid-19 við komuna til Tókýó greindist annar meðlimur sömu sveitar, hnefaleikasveitar Úganda, smitaður. Sá einstaklingur var í æfingabúðum við greiningu og er kominn í sóttkví.

Forsætisráðherra Japans, Yoshihide Suga, hefur lofað hertum aðgerðum við landamærin. ■

# Verstappen stendur undir svæginu

Í fyrsta sinn í langan tíma virðist Lewis Hamilton ekki vera í sérflokki í Formúlu 1 þetta árið. Hinn ungi Max Verstappen hefur byrjað tímabilið með látum og stælum og er að gera atlögu að krúnunni.

kristinnpall@frettabladid.is

**FORMÚLA 1** „Ég hallast að því að það sé aðeins of snemmt að hægt sé að tala um lykilskipti í Formúlunni en þau gætu átt sér stað á þessu ári. Fyrir vikið er ljóst að þetta verður eitt mest spennandi tímabil í Formúlunni í manna minnum,“ segir Kristján Einar Kristjánsson, lýsandi Formúlunnar hjá Viaplay og hlaðvarpsstjórnandi Pittsins, hlaðvarpsþáttar um Formúlu 1, aðspurður um hvort komið væri að valdaskiptum í heimi fremstu akstursíþróttamanna heims.

Í fyrsta sinn í langan tíma virðist Lewis Hamilton, sigursælasti ökuþór allra tíma ásamt Michael Schumacher og heimsmeistari undanfarinna fjögurra ára, sem ekur fyrir Mercedes, ekki vera sér á báti í hverri keppni. Hefur Bretinn ekki unnið í síðustu fjórum keppnum en hann vantar tvo sigra til að verða fyrsti ökuþórinn til að bera sigur úr býtum í hundrað kappökstrum í Formúlu 1.

„Næsta keppni fer fram strax um helgina, á sömu braut, og þar verður spennandi að sjá hver viðbrögðin verða eftir þennan örugga sigur Verstappen um helgina. Að mörgu leyti var búið að fela veikleika Mercedes og Hamilton undanfarin ár, ein mistök kostuðu þá yfirleitt ekkert en nú eru þeir undir pressu sem þeir hafa ekki fundið fyrir lengi,“ segir Kristján.

Þegar þriðjungur er búinn af tímabilinu er Verstappen með átján stiga forskot og hefur unnið fjórar keppnir af átta. Verstappen hefur þrisvar lent í öðru sæti en eina skiptið sem hann komst ekki á verðlaunapall brást bíllinn honum í Azerbaídsjan. Hann hefur því þegar unnið fleiri keppnir á þessu tímabili en á nokkru af sjö tímabilunum þar áður og tímabilið er ekki hálfnað.

„Það sem gerir þetta tímabil svo magnað er að fá að sjá þennan unga og óhrædda ökuþór gera atlögu að krúnunni hans Hamilton. Þetta er ekki dæmi um að einstaklingur sem hefur haft gríðarlega yfirburði, eins og Hamilton hefur haft undanfarin ár, sé að hætta og þá taki einhver nýr við keflinu. Vettel náði ekki sömu hæðum og Hamilton áður en einokunartímabil Mercedes tók við en nú er annar ungur ökuþór að gera atlögu að krúnunni.“



Verstappen hægði á sér og spólaði yfir áslínuna fyrir framan tækniteymi Red Bull á heimavelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> „Það sem gerir þetta tímabil svo magnað er að fá að sjá þennan unga og óhrædda ökuþór gera atlögu að krúnunni hans Hamilton
>
> Kristján Einar Kristjánsson, lýsandi Formúlu 1 og hlaðvarpsstjórnandi Pittsins

Belginn Verstappen fékk viðvörun frá yfirvöldum fyrir að hægja viljandi á sér og spóla yfir áslínuna í lok kappakstursins í Austurríki en hann hefur svægi sem jaðrar oft við hroka.

„Hann er fyrst og fremst stórkostlegur ökumaður og gerir hluti sem aðrir virðast ekki geta. Það er svægi yfir honum og hann hefur alltaf verið töffari sem fólk upplifir stundum sem hroka en honum hefur tekist að standa undir því,“ segir Kristján léttur, aðspurður út í hegðun Verstappen í lokin um helgina.

„Hann er að stíga upp úr því að teljast efnilegur en hefur um leið sýnt það undanfarin ár hvað í honum býr en bíllinn sem hann hefur haft hefur ekki staðist snúninginn. Þessi samvinna Red Bull og Honda eftir að Red Bull skipti yfir í vél frá Honda virðist hafa verið hárrétt skref.“

Kristján segir að það sé að vekja aukinn áhuga að sjá aðra gera atlögu að meistaratitlinum eftir einokun Mercedes og Hamilton. Hamilton hefur unnið sex af síðustu sjö heimsmeistaratitlum en aðeins Nico Rosberg, sem keppti þá fyrir hönd Mercedes, hefur tekist að stöðva sigurgöngu Hamilton frá árinu 2014.

„Við finnum fyrir mikilli aukningu í áhuganum, bæði í útsendingum og í hlustendatölum á Pittinum, hlaðvarpinu um Formúlu 1. Það er nefnilega ekki bara meistarabaráttan sem er spennandi, það eru sofandi risar í Ferrari og McLaren með unga og efnilega ökuþóra að berjast um þriðja til fjórða sætið.“ ■

# Los Angeles Lakers verðmetið á 681 milljarð króna

kristinnpall@frettabladid.is

**NBA** Los Angeles Lakers, sigursælasta lið NBA-deildarinnar í körfubolta ásamt Boston Celtics, var verðmetið á 5,5 milljarða dala, eða um 681 milljarð íslenskra króna, þegar eigendur Los Angeles Dodgers, Mark Walter og Todd Boehly, keyptu 27% hlut í félaginu um helgina. Hluturinn var áður í eigu Philip Anschutz, eiganda AEG, sem á Staples Center höllina, heimavöll Lakers sem og lið Los Angeles Kings í NHL-deildinni í íshokkí og Los Angelex Galaxy í MLS-deildinni í fótbolta.

Lakers olli vonbrigðum í úrslitakeppni NBA-deildarinnar á dögunum þegar liðið féll út í fyrstu umferð úrslitakeppninnar en á síðasta ári tókst Lakers að jafna við erkifjendur sína í Boston sem sigursælasta lið deildarkeppninnar frá upphafi með sautjánda meistaratitli félagsins. Félagið hefur verið afar sigursælt undanfarna áratugi og unnið sex meistaratitla frá aldamótum. Þá

> »Walter og Boehly greiddu níutíu prósent af því sem hefði kostað þá að kaupa annað félag í NBA-deildinni fyrir rúman fjórðungshlut í Lakers.

hafa stærstu stjörnur deildarinnar iðulega leikið í búningi Lakers en á þessum tuttugu árum hafa Shaquille O'Neal, Kobe Bryant, LeBron James og Anthony Davis allir átt hlut í því að koma með meistaratitil til Los Angeles.

Óhætt er að segja að Walter og Boehly, sem greiddu samkvæmt fjármálatímaritinu Forbes um 1,35 milljarða dala fyrir 27 prósent hlut í Lakers, hafi greitt rausnarlega fyrir



Anthony Davis og LeBron James prýddir meistarahringum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

hlutinn en fyrr á þessu ári var markaðsvirði Lakers að mati Forbes um 4,6 milljarðar dala. Miðað við verðið sem þeir greiða fyrir hlut sinn er Lakers næstverðmætasta félag heims á eftir Dallas Cowboys sem leikur í NFL-deildinni en Cowboys er verðmetið á 5,7 milljarða dala. Um leið er Lakers verðmætasta félag í NBA-deildinni.

Til samanburðar var félagið Utah Jazz, sem var með besta árangurinn í Vesturdeildinni á nýafstöðnu tímabili, keypt á 1,66 milljarða dala síðasta haust og sala á Minnesota Timberwolves stendur yfir þessa dagana fyrir 1,5 milljarða dala.

Stærsti hluthafi Lakers, Buss-fjölskyldan, á enn tvo þriðju eignarhluts í þessu sögufræga félagi en eignarhluti Anschutz sem skiptir nú höndum var sá næststærsti. Um leið er umræddur eignarhluti með rétt til hófnunar á sölu á hlutum í félaginu. Síðustu sjö prósentin í Lakers eru í eigu Patrick Soon-Shiong og Edward Roski. ■

# 30% AFSLÁTTUR

## MEÐ **VILDARKORTI LINDAR**

VILDARKORT
LIND FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

S.HELGASON · Z brautir & gluggatjöld · HÚSGAGNA HÖLLIN · DORMA · Betra BAK · Flügger litir · Parki · VÍDD · HÚSASMIÐJAN

**Húsgagnahöllin**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger**: 30% afsláttur af allri innimálningu.**S. Helgason**: 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki**: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan**: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

**Jón og Gunna** eru ungt par sem keyptu sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnaðist viðhalds og þeim vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu íbúðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki.

MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:
**687.368 kr.**

**Jónína** er kona á besta aldri keypti nýja íbúð. Þar vantaði öll ljós, parket og gardínur. Einnig keypti hún nýjan sófa í Húsgagnahöllinni þar sem gamli sófinn var of stór.

Hún keypti allt sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

MEÐ VILDARKORTINU SPARAÐI HÚN:
**458.978 kr.**

**Borgþór og Aníta** eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu gamalt einbýlishús sem þarfnaðist yfirhalningar. Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi, spörtsluðu og máluðu allt húsið, settu granítborðplötur á eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í Betra bak.

MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:
**1.442.500 kr.**

LIND FASTEIGNASALA

**Bæjarlind 4 · Kópavogi**
**s. 510 7900 · FASTLIND.is**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



**ÞEKKING OG REYNSLA** · frittverdmat.is · nyjaribudir.is



Ástær móðir, tengdamóðir, dóttir, amma og vinkona

**Sjöfn Garðarsdóttir**

sem lést sunnudaginn 20.júní 2021 á heilbrigðistofnun Suðurnesja verður jarðsungin fimmtudaginn 1. júlí í Háteigskirkju kl 13:00.

**Garðar Hallgrímsson**
**Hallgrímur Garðarsson**
**Daníel Örn Sigurðsson**
**Steindór Smári Sveinsson**
**Björn Freyr Rúnarsson**
**Davíð Már Rúnarsson**
**Tengdadætur og ömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Nichólína Rósa Magnúsdóttir**

hjúkrunarfræðingur, Hraunbúðum, áður Brekkugötu 9, Vestmannaeyjum,

lést á Hraunbúðum, Vestmannaeyjum þriðjudaginn 22. júní. Útförin fer fram frá Landakirkju miðvikudaginn 30. júní klukkan 14. Athöfnini verður streymt á https://www.landakirkja.is/. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnardeildina Eykindil.

**Magnús Tryggvason** **Ragnhildur Eiríksdóttir**
**Helga Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



Ástvinur minn og faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kjartan G. Magnússon**

læknir,

lést mánudaginn 21. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 8. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Kjartans er bent á Bergið headspace.

**Maria Teresa Gonsalves**
**Sveinn Kjartansson** **Lára Pálsdóttir**
**Júlíana Elín Kjartansdóttir** **Jósef Ognibene**
**Jóhann Kjartansson** **Ingilaug Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Jón G. Bjarnason *útfararstjóri*



Guðmundur Baldvinsson *útfararstjóri*



Magnús Sævar Magnússon *útfararstjóri*



Sigurður Bjarni Jónsson *útfararstjóri*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


# Fikt og félagsskapur í Grófinni

gun@frettabladid.is

Nýtt verkstæði með áherslu á tónlist og myndvinnslu hefur verið opnað í Borgarbókasafninu Grófinni. Boðið er upp á svokallaða Fiktdaga alla miðvikudaga frá 15 til 18. Sá fyrsti er á morgun. Þar gefst gullið tækifæri til að rækta kunnáttuna með fikti og félagsskap.

Karl James Pestka, verkefnastjóri safnsins, er búinn að prufukeyra græjurnar. Hann segir kunnáttu ekki skilyrði fyrir fikti í þeim en aldurstakmark sé 13 ár. „Það er miðað við að allir geti unnið sjálfstætt en starfsfólk safnsins veitir aðstoð við fyrstu skrefin. Svo lærir fólk af mistökum og hjálpar hvert öðru.“ segir Karl sem kveðst flakka á milli bókasafnanna í Gerðubergi og Grófinni og þessa viku sé hann í Grófinni.

Ekkert kostar að taka þátt og engin skírteini gilda, að sögn Karls. „Það er bara að mæta. Fólk getur komið með eigin fartölvur en á staðnum eru fjórar iMac tölvur, til að nota þær er vissara að koma snemma eða bóka sæti. ■



Karli finnst gaman að fikta við nýju græjurnar í Grófinni. MYND/AÐSEND



Öllum vinum, ættingjum og samherjum

**Sveins Aðalsteinssonar**

Hagfræðings, Bergstaðastræti 7, 101 Reykjavík

sem lést þann 9. nóv. 2020 er boðið til minningarveislu í Bíó Paradís laugardaginn 3. júlí nk. kl. 17. Komum saman og lyftum glösum til minningar um ógleymanlegan mann.

**Aðstandendur.**



Okkar ástkæri

**Ólafur S. Pálsson**

Rafvirkjameistari, Sauðárkróki

lést á HSN Sauðárkróki 18. júní. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 2. júlí kl. 11. Streymt verður frá útförinni. Blóm og kransar afþakkaðir

**Páll Arnar Ólafsson** **Linda Hlín Sigbjörnsdóttir**
**Eva Hjörtína Ólafsdóttir** **Hjörtur Skúlason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

**Sigríður Jóhannsdóttir**

fyrrv. skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 23. júní síðastliðinn.

**Bjarni Valtýsson** **Dóra Gerður Stefánsdóttir**
**Jóhann Valtýsson** **Ewa Hjelm**
**Valtýr Valtýsson** **Sigrún Björk Benediktsdóttir**
**Sigríður Þórdís Valtýsdóttir** **Árni Jón Geirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

**Flosi Gunnar Valdimarsson**

Lést laugardaginn 26. júní á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 5. júlí kl. 15.

**Anna Gísladóttir**
**Mjöll Flosadóttir** **Þórir Haraldsson**
**Kjartan Flosason** **Kristín Eggertsdóttir**
**Eybjörg Drífa Flosadóttir** **Svanur Þór Karlsson**
**Nanna Sjöfn Pétursdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

**Gísli Sumarliðason**

frá Borgarnesi

lést mánudaginn 21. júní á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Elsa Fríða Arnbergsdóttir**
**Garðar Þór Gíslason** **Theódóra Gunnarsdóttir**
**Arnar Már Gíslason** **Sigurbjörg Sigmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**María Margrét Einarsdóttir**

Ársölum 1, Kópavogi

lést mánudaginn 21. júní. Útförin fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 1. júlí klukkan 13.00

**Ása Ólafsdóttir** **Lárus K. Viggóson**
**Atli Þór Ólafsson** **Ester Halldórsdóttir**
**Kristín Ólafsdóttir** **Snorri Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

**Steinunn Árnadóttir**

Hrafnistu, Boðaþingi áður til heimilis að Kveldúlfsgötu 1 Borgarnesi

lést þann 22. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 5. júlí klukkan 13.00.

**Sólrún Gunnarsdóttir** **Gylfi Már Guðjónsson**
**Hafdís A. Gunnarsdóttir** **Nikulás Árni Halldórsson**
**Trausti Gunnarsson** **Ástríður Gunnarsdóttir**
**Tryggvi Gunnarsson** **Halldóra Ágústsdóttir**
**Ingileif A. Gunnarsdóttir**
**Árný Guðrún Gunnarsdóttir** **Guðjón Bjarnason**
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

**Guðrún J. Jósafatsdóttir**

Brákarhlíð Borgarnesi

lést miðvikudaginn 23. júní. Hún verður jarðsungin frá Borgarneskirkju föstudaginn 2. júlí 2021 kl.14.

**Jónanna Björnsdóttir** **Níels Guðmundsson**
**Ari Björnsson** **Fanney Kristjánsdóttir**
**Guðríður Björnsdóttir** **Einar Hermannsson**
**Jón Jósafat Björnsson** **Dagný Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# ALLT




KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 29. júní 2021


Ed Sheeran þegar hann mætti í Magic Radio studio í síðustu viku.

## Ed kominn aftur

elin@frettabladid.is

Það hefur verið heldur hljótt um poppstjörnuna Ed Sheeran í langan tíma en aðdáendur hans fengu nýjan smell fyrir nokkrum dögum, Bad Habits, en það er fyrsta lagið sem hann gefur út síðan 2017. Nú þegar hafa yfir sextán milljónir hlustað á lagið á Youtube. Myndbandið þykir frumlegt og vampírur koma mikið við sögu.

Ed Sheeran var í einlægu viðtali við BBC radio 1 nýlega þar sem hann lýsti óhóflegri drykkju sinni en segist hafa tekið á því vandamáli þegar hann eignaðist sitt fyrsta barn fyrir 10 mánuðum. Dóttirin, Lyra Antarctica, og eiginkonan, Cherry Seaborn, hafa haft hann út af fyrir sig. „Ég hef einbeitt mér að föðurhlutverkinu og það er stórkostlegt. Ég las allar bækur um börn sem ég komst yfir en stærsta uppgötvun mín var að maður vissi ekkert um það hvernig er að eignast barn,“ segir hann. „Um leið og dóttir mín fæddist fann ég fyrir einhverra sérstakri tegund af ást. Það opnaði nýjar víddir fyrir mér.

Ed viðurkennir að hafa barist við fíkn frá unglingsaldri. „Ég hafði aldrei neina afsökun til að hætta að drekka fyrir fullt og allt fyrr en ég varð faðir. Ed, sem er þrítugur, hefur keypt fjölda fasteigna í Suffork þar sem hann ólst upp og er nú með fyrirtæki í kringum eigurnar. Hann hefur notið einstakra vinsælda síðustu tíu árin og átt í samstarfi við stórstjörnur á borð við Beyoncé, Justin Bieber og The Weeknd.

„Núna er ég ábyrgur faðir og drekk vatn,“ sagði hann á BBC. Auk þess hefur hann verið að þjálfa líkamann og huga að heilsunni. ■





Stuðlagil á Héraði dregur að ferðamenn hvaðanæva að úr heiminum enda með fallegri stöðum á landinu. MYND/AÐSEND

# Bjartsýnn á framtíðina

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings, segir sveitarfélagið einkennast af fjölbreytileika og góðum möguleika til menntunar og atvinnu. Múlaþing er alvöru valkostur. 2



Frá Seyðisfirði. Mikil uppbygging er fram undan í bænum. MYND/AÐSEND



Regnbogagatan vekur ávallt mikla athygli. MYND/AÐSEND

„Fjölbreytileikinn og tækifærin í atvinnulífi, menntun og menningarmálum er gífurlegur í Múlaþingi, sem gerir svæðið að eftirsóttum stað til að búa á. Við höfum lagt mikla áherslu á að byggja upp góða grunnþjónustu, skóla og leikskóla, íþróttaaðstöðu og menningarlíf. Eitt aðalmálið er að koma upp góðum möguleikum til menntunar. Múlaþing er því alvöru valkostur fyrir ungt fólk sem vill mennta sig og /eða stofna fjölskyldu,“ segir Björn Ingimarsson, en hann er fyrsti sveitarstjóri Múlaþings.

Sveitarfélagið varð til á síðasta ári við sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

**Samningur við háskóla**

Múlaþing er, ásamt fleiri sveitarfélögum á Austurlandi, í góðu samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík, sem íbúar sveitarfélagsins munu njóta góðs af. Í haust bætist við nýr og spennandi valkostur.

„Nýlega var gerður samningur við UHI, eða University of the Highlands and Islands í Skotlandi, til að íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á enn fleiri leiðum til náms. Skoski háskólinn notar spennandi aðferðafræði í sinni kennslu og er með margar starfsstöðvar, ekki endilega svo stórar heldur allt niður í þriggja til fjögurra manna stöðvar sem hafa gengið vel. Við viljum gjarnan reyna þetta líka og vonumst til að þetta samstarf geti farið af stað með haustinu,“ segir Björn og bætir við að fjarkennsla og -vinna hafi sýnt sig og sannað síðustu misserin.



Björn Ingimarsson sveitarstjóri.

„Stóra málið er að unga fólkið geti sótt það nám sem það kýs héðan úr heimabyggð og þurfi ekki að flytja í burtu til þess að mennta sig. Með fjarvinnu aukast atvinnumöguleikarnir líka enn frekar,“ segir Björn.

Í Múlaþingi eru einnig öflugir framhaldsskólar. „Við erum með menntaskóla í sveitarfélaginu, Menntaskólann á Egilsstöðum. Á Seyðisfirði er LungA-skólinn, sem er nýbúinn að fá staðfestingu sem fyrsti listalýðskóli á Íslandi. LungA er alþjóðlegur skóli með nemendur alls staðar að úr heiminum með áherslu á allt sem tengist list og listsköpun. Þá er Hallormsstaðaskóli kominn með viðurkenningu sem skóli á háskólastigi. Það þýðir að nemendur fá einingar sem gilda á háskólastigi. Hallormsstaðaskóli býður upp á fjölbreytt og hagnýtt nám,“ bætir Björn við.

**Eins árs börn fá leikskólapláss**

Til að koma til móts við barnafjölskyldur er stefna Múlaþings að börn sem hafa náð eins árs aldri fái pláss á leikskóla. „Við tökum inn eins árs börn á haustin, en miðað er við að þau séu orðin eins árs í ágúst. Það er ljóst að við verðum að auka við þessa þjónustu. Við erum að fara í framkvæmdir við að byggja nýjan leikskóla í Fellabæ, sem verður tekinn í notkun árið 2022, og fleiri leikskólar eru á teikniborðinu.“

**Atvinnulífið í fullum gangi**

Einn af kostunum við að búa í Múlaþingi er að atvinnulífið er margbreytilegt. „Mörg störf hafa til dæmis skapast í kringum fiskvinnslu Búlandstinds og fiskeldi Austfjarða í Berufirði, en það hefur vaxið mikið á undanförnum árum. Fiskeldið gefur af sér afleidd störf innan sveitarfélagsins alls. Sem dæmi hefur það jákvæð áhrif á starfsemi Egilsstaðaflugvallar þegar kemur að fraktflutningum. Hér er Síldarvinnslan með öfluga starfsemi í sveitarfélaginu. Á Fljótsdalshéraði eru starfandi verkfræðistofur, lögfræðistofur, arkitektastofur, enduskoðunarfyrirtæki og öflug verktakafyrirtæki,“ segir Björn.

Ferðaþjónustan er í miklum vexti í sveitarfélaginu og fjöldi veitingastaða, gistihúsa og hótela hefur aldrei verið meiri. „Íslenskir ferðalangar voru duglegir að heimsækja okkur í fyrrasumar og ég á fastlega von á að margir leggi leið sína til okkar aftur í sumar, enda náttúrufegurðin óviðjafnanleg og veðurspáin góð. Hér er fjöldi tjaldsvæða með góðri aðstöðu. Erlendir ferðamenn eru farnir að koma aftur til landsins. Ég reikna með að ferðaþjónustan verði komin á fulla ferð upp úr miðju sumri,“ segir Björn.

Í sveitarfélaginu er einnig öflugur landbúnaður. „Hér er bæði mikill kúabúskapur og sauðfjárrækt. Skógræktin hefur líka sótt í sig veðrið og hafin er vinnsla í kringum hana, en það er langtímaverkefni. Við erum ekki með öll eggin í sömu körfunni, sem þýðir að við búum ekki við eins miklar sveiflur í atvinnulífinu og þau svæði sem byggjast upp í kringum stórfyrirtæki,“ greinir Björn frá.

**Hugur í fólki**

Múlaþing nær yfir stórt landsvæði og að mörgu er að huga við að sameina rótgróin sveitarfélög. Björn segir það vissulega áskorun, en það hafi gengið vonum framar og hann er bjartsýnn á framtíðina.

„Þessi sveitarfélög hafa verið í nánu samstarfi undanfarin ár, til dæmis voru þau með sameiginlegar brunavarnir og félagsþjónustu. Skriðuföllin á Seyðisfirði hafa óneitanlega sett mikinn svip á starfið þetta ár en hreinsunarstarf hefur gengið vel og fram undan er mikil uppbygging,“ segir Björn.

Planið er að færa byggðina á Seyðisfirði og er undirbúningur fyrir það þegar hafinn. „Við ætlum að byggja hluta af bænum upp á nýjum stað, þar sem íþróttavöllurinn er núna, og erum að vinna í að finna vellinum nýjan stað. Á Borgarfirði er búið að byggja tvö parhús sem verið er að taka í notkun og búið að úthluta fleiri lóðum. Íbúðabygging er í farvatninu á Djúpavogi og á Egilsstöðum og í Fellabæ er uppbygging á fullri ferð. Það er hugur í fólki hér fyrir austan,“ segir Björn að lokum. ■




**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Íbúum fjölgar ört í Suðurnesjabæ

**Í júní 2018 sameinuðust Garður og Sandgerði í eitt sveitarfélag undir nafninu Suðurnesjabær. Magnús Stefánsson bæjarstjóri segir öfluga uppbygginguna hafa verið síðan og mikil eftirspurn eftir húsnæði.**

Magnús segir að margt sé að sækja í Suðurnesjabæ. „Hér er falleg náttúra umvafin ströndinni og allt til alls fyrir fjölskyldufólk. Mjög gott er að vera með börn hér enda stutt í alla þjónustu sem er í göngufæri. Umferðin er því lítil og Suðurnesjabær streitulaust umhverfi,“ segir hann. Magnús, sem er uppalinn á Snæfellsnesi og kannski þekktastur fyrir að syngja lagið Traustur vinur með Upplyftingu, segir að það sé gott að búa á þessum slóðum og hann er alls ekki hættur að syngja. „Maður hættir því aldrei. Hins vegar hefur Upplyfting ekki verið að spila mikið frekar en aðrir á Covid-tímum. En, við sendum frá okkur nýja plötu fyrir ári síðan og ekki ólíklegt að við tökum upp þráðinn og stígum á svið núna í framhaldinu,“ upplýsir hann.

**Mikil uppbygging**

Magnús var ráðinn bæjarstjóri eftir kosningarnar 2018 og segir starfið mjög fjölbreytt. Áður hafði hann verið bæjarstjóri í Garði. „Hér er aldrei neinn dagur eins. Við erum með mikið lóðaframboð og uppbygging hefur verið mikil í sveitarfélaginu. Mest er byggt af rað- og parhúsum. Ungt fjölskyldufólk hefur verið að sækja hingað því fasteignaverð er mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Hér hefur orðið töluverð fjölgun, fólk sækir í ódýrara húsnæði. Einnig er hreyfing á fólki milli sveitarfélaganna hér á Suðurnesjum. Það er mikið verið að byggja og nú eru um eitt hundrað íbúðir á byggingarstigi.

Við erum að stækka Gerðarskóla í Garði, sem er grunnskóli og verður tilbúinn í haust. Auk þess erum við að undirbúa byggingu nýs leikskóla í Sandgerði. Það er stutt síðan leikskólinn í Garði var stækkaður. Við erum með tvennt af mörgu í sveitarfélaginu, skóla og leikskóla í báðum bæjarkjörnum og sömuleiðis íþróttamiðstöðvar með sundlaugum og líkamsræktaraðstöðu,“ segir Magnús en það eru rúmir 4 km á milli bæjarkjarnanna. „Hér er mikill sjávarútvegur og margir sem starfa við þá atvinnugrein. Það er landvinnsla bæði í Sandgerði og Garði. Hér er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki, Nesfiskur, og Samherji er til dæmis með vinnslu á eldisbleikju.“

**Golf og ný gönguleið**

„Á síðasta ári tókum við í notkun göngu- og hjólastíg á milli Garðs og Sandgerðis sem hefur verið mjög mikið notaður. Hann er upplýstur og flottur. Ekki má gleyma að það eru tveir 18 holu golfvellir hér sem margir nýta sér, annars vegar í Leirunni og hins vegar Kirkjubólsvöllur Golfklúbbs Sandgerðis.“

Magnús segir að Garðskaginn dragi alltaf fjölda ferðamanna til sín. „Það komu um 300 þúsund manns þangað á ári fyrir Covid, jafnt heimafólk sem gestir. Fyrirhugað er að halda veglega bæjarhátíð í ágúst en hún féll niður í fyrra. „Hátíðin er í fullum undirbúningi og við hlökkum mikið til. Þetta verður sameiginleg hátíð fyrir alla íbúa Suðurnesjabæjar. Það er margt skemmtilegt að skoða hér á svæðinu fyrir gesti. Þetta er ævintýralegt svæði með vitum og fallegri strönd, má þarf nefna Hvalsneskirkjusvæðið og Stafnes. Í Suðurnesjabæ eru alls 5 vitar og það væri skemmtilegt verkefni fyrir ferðafólk að finna þá alla.

Hér eru merktar herminjar, sérstaklega í Garði þar sem voru braggabyggðir og varðskýli. Fyrsti herflugvöllurinn var sunnan við Garðskaga, en á Garðskaga er byggðasafn auk tveggja vita sem draga að sér ferðafólk. Sömuleiðis erum við með mjög spennandi safn í Þekkingarsetrinu í Sandgerði þar sem skoða má uppstoppaða sjófugla og önnur dýr en þar er í gangi sýningin Heimskautin heilla,“ segir Magnús, en tæplega 3.700 íbúar búa í Suðurnesjabæ sem er umtalsverð fjölgun frá því sveitarfélagið var sameinað. „Hér er friðsælt, öll þjónusta en samt svo stutt í allar áttir,“ segir Magnús og bendir á að Leifsstöð og flugvöllurinn séu í landi Suðurnesjabæjar.

Magnús sat á þingi í 14 ár og var félagsmálaráðherra. Hann segir að sá tími sé búinn. Hann kunni mjög vel við sig í sveitarstjórnarstörfunum. ■



Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar.

> **Við erum með mikið lóðaframboð og uppbygging hefur verið mikil í sveitarfélaginu. Mest er byggt af rað- og parhúsum. Ungt fjölskyldufólk hefur verið að sækja hingað því fasteignaverð er mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu.**



Garðskaginn hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. MYNDIR/AÐSENDAR



Garðskaginn er vinsæll áningastaður ferðamanna.



Nýr göngu- og hjólastígur á milli Garðs og Sandgerðar er vinsæll hjá íbúum.










**Sælureitur við sæinn**

**Suðurnesjabær tekur vel á móti þér.** Náttúran er einstök, fjörurnar fallegar og sólarlagið er óvíða fegurra. Þekkingarsetur Suðurnesja skartar einstakri náttúrugripasýningu með yfir 70 uppstoppuðum dýrum og ýmsum lifandi sjávardýrum og á Byggðasafninu á Garðskaga má sjá ýmsa muni sem tengjast búskaparháttum til sjós og lands ásamt einstöku vélasafni Guðna Ingimundarsonar.

Í Suðurnesjabæ eru tvær sundlaugar, tveir 18 holu golfvellir, veitingahús og gistiaðstaða sem hentar öllum.

**Kjörinn og óvenjulegur áfangastaður, bæði fyrir stuttar heimsóknir og lengri dvöl.**

Við erum á **Facebook!**

suðurnesjabaer.is

SUÐURNESJABÆR

VELKOMIN | SUÐURNESJABÆ

# Látum góðu verkin tala

Allir þekkja norðlensku sjónvarpsstöðina N4 en færri vita að N4 er líka öflugt framleiðslufyrirtæki sem tekur að sér gerð auglýsinga, kynningarmyndbanda og alls sem þarf til góðrar markaðssetningar.

„Við vinnum fyrir alla, getum leyst öll verkefni og um allt land. Við látum verkin tala, vinnum þau bæði hratt og vel, og á góðu verði,“ segir Stefán Friðrik Friðriksson, framleiðslu- og markaðsstjóri hjá N4.

Framleiðsludeild N4 var stofnuð árið 2013, við góðar undirtektir alls staðar að á landinu.

„Okkar stærsti kúnnahópur er í Reykjavík, þar af fyrirtæki og stofnanir sem eru með höfuðstöðvar og starfsemi um land allt. Það er óneitanlega kostur að vera með framleiðslufyrirtæki á landsbyggðinni, því frá okkur eru vegalengdirnar styttri að fara í verkefni út í náttúruna. Fæstar auglýsingar eru enda teknar upp í Reykjavík; flestir vilja nýta sér einstaka náttúrufegurð landsins og því erum við með útibú og fólk í öllum landsfjórðungum. Staðsetningin skiptir því engu máli. Við látum til okkar taka hvar sem er,“ segir Stefán.

**Góð verk spyrjast út**

N4 er með höfuðstöðvar á Akureyri. Þar starfa tíu manns í föstu starfi en auk þess eru verktakar og fagfólk á höfuðborgarsvæðinu og um gjörvallt landið.

„Framleiðsludeild N4 hefur vaxið hratt undanfarin fjögur ár og það hefur aldrei verið eins mikið að gera og einmitt nú. Ástæðan er sú að við höfum skilað mjög góðu verki og það spyrst út,“ segir Stefán.

Framleiðsludeildin er mestmegnis í framleiðslu kynningarmyndbanda fyrir fyrirtæki, stofnanir og á öllum skalanum.

„Nú er mikill vöxtur í myndbandagerð. Í Covid varð sprengja í gerð lifandi myndefnis þegar fólk vildi nota tímann sem það hafði fyrir sér til að gera sig sýnilegt í markaðsefni og myndbandagerð. Við búum líka til lógó, vinnum grafíska vinnu og sinnum mjög fjölbreyttum verkefnum, auk þess að gefa út N4-blaðið með greinum og lesefni og reka fréttasíðuna N4.is,“ upplýsir Stefán um fjölþætta starfsemina.

„Fólk velur N4 í samstarf við sig vegna þess að við erum fagleg og höfum mikla reynslu og þekkingu, ekki síst á öllu sem viðkemur landsbyggðinni. Hjá okkur starfar dagskrárgerðarfólk með víðtæka þekkingu á samfélaginu og atvinnulífinu, það spyr viðmælendur réttu spurninganna og ljær myndefninu þægilega nærveru. Það er mikill kostur og enn einn þátturinn sem skapar okkur sérstöðu, auk framúrskarandi tökumanna sem ná óviðjafnanlegum myndum af landi og þjóð, og leikstjóra sem hafa sannað sig svo um munar,“ segir Stefán og heldur áfram:

„Við höfum unnið efni í hverjum krók og kima Íslands og erum með mikil og góð sambönd um allt land. Þá búum við yfir gríðarlegri landfræðilegri þekkingu, og vitum um margar faldar perlur sem tökustaði sem og einstaka viðmælendur.“

**N4 gefur hugmyndir í ferðalagið**

Sjónvarpsstöðin N4 er rómuð fyrir vandaða ferða- og viðtalsþætti.

„Það er staðreynd að helsta áhugamál 70 prósent Íslendinga eru ferðalög og landið okkar er að sönnu ótrúlegt. Í sumarleyfinu ferðast landsmenn vítt og breitt um landið en áður en þeir leggja af stað hafa margir orðið margs vísari og fengið hugmyndir með því að horfa á ferðaþætti N4. Í Covid sendum við út mikið af ferðaþáttum, til að næra ferðaþrá landans og gefa honum kost á að ferðast í huganum heiman frá sér og nú vinnum við að þáttum undir yfirskriftinni Uppskrift að góðum degi á Austurlandi og höfum þegar gert Uppskrift að góðum degi á Norðurlandi eystra og vestra, við góðar undirtektir,“ greinir Stefán frá.

Hann segir aðalsmerki sjónvarpsþáttagerðar N4 vera landsbyggðaraugun. Þau sjái land og þjóð öðrum augum en gestsins sem sér það frekar framandi augum.




Stefán Friðrik Friðriksson er framleiðslu- og markaðsstjóri hjá N4, sem er ekki einungis sjónvarpsstöð heldur líka stór framleiðandi á sviði auglýsinga og kynningarmyndbanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Við gefum landsbyggðarfólki pláss, hittum fólk og fáum sögur þess þar sem það er og allt annan vinkil en fæst ella. Okkur finnst það eðlilegra en hin framandi sýn sem stundum er sýnd því við erum jú öll Íslendingar og í þessu saman, rétt rúmlega 360 þúsund manna þjóð. Því má segja að við höfum sérhæft okkur í landsbyggðinni og náttúru Íslands, ekki bara á Norðurlandi heldur um land allt, til dæmis með þáttunum Að norðan, Að vestan, Að austan og Að sunnan.“

**Reynsla og gæði frá A til Ö hjá N4**

Á síðustu þremur árum hefur áhorf á sjónvarpsstöðina N4 aukist um 200 prósent.

„Við finnum vel fyrir meðbyrnum og áhuga fólks á N4. Allar mælingar sýna sífellda aukningu og það er ekkert stopp á því. Við ákváðum því að takmarka efnið okkar ekki við ákveðnar veitur heldur viljum við að fólk sjái N4 þegar það vill, þar sem það vill. Efnið okkar er alltaf opið og aðgengilegt, til dæmis í N4-safninu í Sjónvarpi Símans þar sem sjá má alla þættina okkar, líka á Nova TV, og auðvitað heimasíðunni okkar og Facebook,“ upplýsir Stefán.

„Markmið okkar er að vinna með fólki og finna lendingu sem virkar best fyrir hvern og einn. Það er einfalt og gott að fá N4 í lið með sér, enda gerum við allt frá A til Ö og komum með heildarpakkann í verkið. Við einfaldlega tökum verkefnin og klárum þau, getum unnið tiltölulega hratt og án þess að það komi niður á gæðum, vel tækjum búin og með afburða þekkingu og reynslu í farteskinu.“

N4 er á Hvannavöllum 14 á Akureyri. Sími 412 4400. Sjá nánar n4.is og N4 á Facebook.

# Nýjar lóðir á Svalbarðseyri

Svalbarðsstrandarhreppur er sveitarfélag í austanverðum Eyjafirði. Þar er skóli, leikskóli og örstutt að sækja menningu og þjónustu á Akureyri. Náttúran skartar sínu fegursta og fjölbreyttir möguleikar eru til útivistar.

Þessa dagana er verið að byggja nýtt hverfi á Svalbarðseyri og þar eru til sölu lóðir þaðan sem fallegt útsýni er yfir fjörðinn. Björg Erlingsdóttir, sveitarstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi, segist vonast til að fá þangað fólk sem sér kosti þess að búa á þessum fallega stað.

„Hér er þétt og gott samfélag. Við erum beint á móti Akureyri, austan megin við Eyjafjörðinn. Hér er leikskóli sem tekur við börnum frá 9 mánaða aldri og góður grunnskóli,“ segir Björg.

„Eldri krakkar fara til Akureyrar í Menntaskólann eða Verkmenntaskólann. Það tekur enga stund að fara þangað og sennilega fljótlegra en að fara milli hverfa innan Reykjavíkur. Okkur finnst við bara vera eins og úthverfi frá Akureyri. Það tekur 10 mínútur að keyra að flugvellinum, það er örstutt til Akureyrar og engin umferðarljós að stoppa mann á leiðinni.“






Mikil náttúrufegurð er í sveitarfélaginu. MYNDIR/AÐSENDAR



Björg Erlingsdóttir, sveitarstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi.

**Opið og bjart umhverfi**

Björg segir sveitarfélagið víðlent. Þar er fullt af gönguleiðum og fjölbreyttir möguleikar til útivistar og fjörðurinn ævintýraheimur kajakræðara.

„Svalbarðseyri er frábær kostur fyrir fólk sem vill flytja í rólegt umhverfi sem er samt stutt frá allri þjónustu. Það er auðvitað líka gott að búa á Akureyri, Grindavík, í Reykjavík eða annars staðar. Allir staðir hafa eitthvað gott fram að færa. Það sem við höfum er rólegt samfélag og nándina við náttúruna um leið og stutt er í alla þjónustu og fjölbreytt menningarlíf,“ útskýrir Björg.

„Auk nýrra lóða er sveitarfélagið að byggja tvö parhús sem verða seld. Við erum reyndar nú þegar búin að selja eina íbúð. Sveitarfélagið hefur byggt fleiri parhús og einkaaðilar hafa verið að byggja myndarleg einbýlishús. Gatan sem verið er að klára núna stendur hátt og þar eru stórar einbýlishúsalóðir með fallegu útsýni yfir fjörðinn. Fallegt útsýni er yfir Eyjafjörðinn, út fjörðinn eða í suður til Akureyrar. Skip og bátar sigla reglulega fram hjá og fyrir neðan nýja hverfið eru fallegar tjarnir og mikið fuglalíf. Þetta er mjög fallegt svæði.“

Björg útskýrir að gert sé ráð fyrir því að allar lóðirnar hafi eina hlið sem snýr að óbyggðu svæði og lóðirnar rúmgóðar.

„Það er frekar rúmt á milli húsanna og verið er að búa til göngustíga svo krakkarnir geti gengið í skólann. Það verður aldrei meira en fimm mínútna ganga milli heimilis og skóla. Við erum að byggja þetta upp sem opið og bjart hverfi og brekkan tryggir fallegt útsýni yfir fjörðinn okkar.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

26. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 29. júní 2021 FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is
FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði
VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995
588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson, Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari, 896 5222
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356
Hildur Harðardóttir, Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð. 897 1339
Snorri Snorrason, Löggiltur Fasteignasali, 895 2115
Embla Valberg, Löggiltur fasteignasali. Skrifstofustjóri. embla@valholl.is, 588 4477
Hrafnhildur B. Baldursdóttir, Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði. 862 1110
Pétur Steinar Jóhannsson, Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi, 893 4718
Anna F. Gunnarsdóttir, Löggiltur Fasteignasali, Lista og innanhús Stílisti, 892 8778
Sturla Pétursson, Löggiltur Fasteignasali. 899 9083
Rakel Árnadóttir, Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill. 895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2018
Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð
Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047
BERG FASTEIGNASALA
Davíð Ólafsson, lögg. fasteignasali, david@berg.is, s. 766-6633
Pétur Pétursson, lögg. fasteignasali, petur@berg.is, s. 897-0047
Traust þjónusta - mikil sala

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita að þér?



Hverfisgata 92 er glæsileg nýbygging í hjarta miðborgar Reykjavíkur. Húsið skiptist í þrjú stigahús og er nútímaleg bygging en engu að síður í stíl við gamla miðbæinn.

# Vandaðar íbúðir í miðbænum

**Miklaborg kynnir til sölu glæsilega nýbyggingu í hjarta miðborgarinnar. Húsið stendur við Hverfisgötu 92 og er 24 íbúða bygging í þremur stigahúsum sem skiptast í A, B og C hús.**

Batteríið Arkitektar sáu um hönnun hússins og hefur verið vandað til verka. Gamli stíllinn sem einkennir miðbæinn heldur sér í bland við nútímalegar byggingar sem falla vel að heildarmynd miðborgarinnar.

Mikið hefur verið lagt upp úr hönnun og frágangi í vönduðum íbúðum sem allar eru með gólfhita, innfelldri lýsingu, vönduðum innréttingum, gólfefnum, tækjum og borðplötum úr kvartsteini. Þær eru tilbúnar fyrir snjallíbúðarkerfi og snjallbox fyrir heimsendingar er staðsett í anddyri.

Stærðir íbúða eru frá 68,8 til 146,4 fermetrar. Í húsi C er íbúð 405. Hún er 105,6 fermetra þriggja herbergja íbúð á fjórðu hæð með tvennum svölum. Komið er inn í anddyri með skápum. Svefnherbergin eru tvö, bæði með skápum og annað með útgengi á svalir. Flestir gluggar eru gólfsíðir. Baðherbergi er með sturtu og þvottaaðstöðu. Eldhús er með eyju og er opið inn í stofu. Í stofu eru gólfsíðir gluggar og útgengt á svalir. Eigninni fylgir 9,3 fermetra geymsla í kjallara sem er hluti af birtu flatarmáli, merkt nr. 104 og stæði B-21 í bílageymslu. Íbúðin skilast fullbúin með gólfefnum.

Á Hverfisgötu 92 er glæsileg og mikil sameign og góður innigarður, opinn mót suðri og vestri. Bílastæði í sameiginlegri bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Gert er ráð fyrir að kaupendur geti komið upp rafhleðslustöð í bílageymslu.

Íbúðir í B og C húsum eru sérstæðar og liggja ekki að öðrum íbúðum. Einungis tvær íbúðir eru á hæð. Hljóðvist uppfyllir ítrustu kröfur byggingareglugerðar og loftræstingin tryggir betri hljóðvist og loftgæði, ásamt því að vera góð vörn gegn raka og ryki. Möguleiki á snjallíbúð gerir meðal annars mögulegt að tengja gólfhita við kerfið, sem og lýsingu.

Afhending er í ágúst 2021. ■



Séð inn í stofu og opið eldhús. Vistarverur eru bjartar, fagrar og vandaðar.



Mikil og glæsileg sameign er á Hverfisgötu 92, þar á meðal heillandi innigarður sem er opinn á móti suðri og vestri. MYNDIR/AÐSENDAR



Baðherbergið er afar fallega búið með sturtu og þvottaaðstöðu.

Allar nánari upplýsingar veitir Jórunn Skúladóttir, löggiltur fasteignasali hjá fasteignasölunni Mikluborg. Sími 845 8958. Netfang: jorunn@miklaborg.is

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

**TIL SÖLU**







## Ármúli 5

Til sölu er fasteign á besta stað í bænum með 28 herbergjum, fullkláruðum með innbúi.

Fasteignin er á þremur hæðum, herbergin eru á 2. og 3. hæð, en þar eru einnig veislusalir, móttaka og skrifstofur.

**Verð 495.000.000 kr.**

Stærð 1884,8fm

**Gott tækifæri!**



**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
824 9096
dadi@eignamidlun.is

**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
824 9098
hilmar@eignamidlun.is




**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**

## Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
## Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**


Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is


Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Garðabær
## Einbýlis – raðhús og parhús óskast fyrir trausta kaupendur

### Aflagrandi 31 – Raðhús í vesturbæ Reykjavíkur



- Mjög vandað og vel skipulagt 312,0 fermetra raðhús á fjórum hæðum við Aflagranda í Reykjavík.
- Húsið er teiknað að utan og innan af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt.
- Lóðin er mjög falleg með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið og fallegum beðum undir gróður. Baklóðin er öll afgirt og mjög skjólsæl með hellulagðri verönd og mjög fallegum trjágróðri.
- Húsið að utan hefur alla tíð fengið gott viðhald og lítur vel út.

### Haukanes - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús. Sjávarútsýni.



- Glæsilegt og vandað 517,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm. eignarlóð með sjávarútsýni á Arnarnesinu.
- Húsið er vandað í alla staði með sérsmíðuðum innréttingum. Aukin lofthæð á báðum hæðum. Stór flísalagður bílskúr. Extra háar innihurðir. Fallegir listar í loftum og extra háir hvítir gólflistar.
- Lóðin er eignarlóð, afgirt að miklu leiti og snýr að mestu til suðurs. Framlóð snýr til norðurs og er með mjög stórri bomanite steyptri innkeyrslu og stéttum, tyrfðri flöt og malarbeðum.

### Bergþórugata 3 – 3ja herbergja íbúð.



- Virkilega falleg 3ja herbergja 84,2 fermetra íbúð með aukinni lofthæð í 6 íbúða fjölbýlishúsi í miðborginni.
- Sér bílastæði á baklóð hússins fylgir íbúðinni. Suðursvalir og fallegt útsýni.
- Arinn í stofu. Bjart eldhús með stórum útsýnisglugga. Tvö rúmgóð herbergi.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

**Verð 59,0 millj.**

### Stapasel. Einbýli á útsýnislóð við opið svæði.



- Virkilega fallegt 225,4 fm. einbýlishús á útsýnislóð innst í botngötu við opið svæði í Seljahverfi.
- Sér 2ja herbergja íbúð er á neðsta palli hússins og er bæði innangengt í hana og sérinngangur í hana af lóð frá austri.
- Eignin er afar vel staðsett á 860 fm. lóð við opið óbyggt svæði og frá eigninni nýtur útsýnis til norðurs að Esjunni, Akranesi og yfir borgina.
- Eignin hefur alla tíð fengið mjög gott viðhald og er öll nýlega máluð að utan. Ofnar í húsinu eru allir endurnýjaðir og gler í gluggum hefur alltaf verið endurnýjað eins og þurft hefur.

**Verð 114,5 millj.**

### Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

**Verð 73,9 millj.**

### Laugavegur 86-94. 2ja og 3ja herbergja íbúð.




Íbúðirnar verða til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 3ja herbergja 93,7 fm. íbúð á 4. hæð. Svalir til suðurs með útsýni yfir miðborgina. Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími.

**Verð 68,5 millj.**

- 2ja herbergja 70,7 fm. íbúð á 3. hæð. Svalir til norðurs þaðan sem nýtur útsýnis. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

**Verð 52,9 millj.**

**Íbúðir eru sérstaklega hljóðeinangraðar sem og hluti sameignar. Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.**

### Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.



- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuhæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

**Verð 129,5 millj.**

### Lyngháls 10. Nýlega innréttaðar stúdíóíbúðir.



- 10 nýlega innréttaðar og vandaðar stúdíóíbúðir á 3. hæð í steinsteyptu og álklæddu húsi við Lyngháls 10 í Reykjavík.
- Íbúðirnar voru allar innréttaðar fyrir um 7 árum síðan og þá sett upp eldhús í hverri íbúð og baðherbergi í hverja íbúð.
- Baðherbergi eru öll flísalögð og með flísalögðum sturtum, handklæðaofnum og vegghengdum salernum. Harðparket er á gólfum alrýma og herbergja. Eldvarnarhurðir eru frá öllum íbúðum við gang.

**Verð 189,0 millj.**

**Íbúðirnar eru allar í útleigu í dag. Nánari uppl. á skrifstofu.**

### Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.




- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðin sem eftir er er 3ja herbergja íbúð 125,5 fermetrar á 1.hæð. Til afhendingar í júlí 2021.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin sjálf verður afhent án gólfefna, en flísar verða á gólfi á baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.

**Verð íbúðar er 81,5 millj.**

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is**

### Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á **www.105midborg.is**


RÁÐNINGAR
Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.
Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.
Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.
RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI
Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.
intellecta
Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is


Við leiðum fólk saman
hagvangur.is
HAGVANGUR

# EKKI MISSA AF NEINU Í SUMARFRÍINU ÞÍNU

Allar nýjustu fréttirnar, ásamt blaði dagsins, er að finna á frettabladid.is hvar sem þú ert í sumar.

Þú getur einnig nálgast blaðið í Fréttablaðs-appinu eða bara nælt þér í eintak á næstu bensínstöð.




Náðu í appið!

Get it on Google play

Download on the App Store

FRÉTTABLAÐIÐ og frettabladid.is – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

## Bílar & Farartæki



Nýr Renault Zoe 52 kWh með leðursætum. Drægni um 390 km. Vel útbúnir bílar með 360° Myndavél ofl. Litir Svartur - Hvítur og Dökkgrár. Okkar verð aðeins 4.690.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

HÚSA - VIÐGERÐIR
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN
* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA
TILBOÐ - TÍMAVINNA
UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**



# Hornafjörður - Náttúrufegurð í hverju horni

**Það er alltaf gaman að sækja Hornafjörðinn heim enda er svæðið þekkt fyrir gífurlega fegurð, einstaka náttúru og jöklana sem gnæfa yfir víðast hvar. Sveitarfélagið Hornafjörður nær yfir um 6.280 ferkílómetra svæði frá Skeiðarársandi í vestri að Þvottárskriðum í austri.**



Fjallsárlón dregur að fjölda ferðamanna og göngugarpa á ári hverju. MYNDIR/AÐSENDAR



Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri í Hornafirði.



Silfurnesvöllur er sívinsæll enda er útsýnið engu líkt.



Hvannagil í Stafafellsfjöllum þykir einstakur staður og litadýrðin þar er mikilfengleg.

Ein helsta sérstaða Sveitarfélagsins Hornafjarðar eru jöklarnir en svæðið er að stórum hluta staðsett innan Vatnajökulsþjóðgarðs. „Í austri er litadýrðin gífurleg í fjöllum og vestan megin eru jöklarnir og hinir háu tindar, eins og Hvannadalshnjúkur, fyrir augum alla daga,“ segir Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri í Hornafirði.

„Þróunin í atvinnumennsku á svæðinu er sú að jöklaferðamennskan og menntun í kringum hana er sífellt að aukast. Í raun má segja að það hafi orðið sprenging í þessum iðnaði sem er orðin ein mikilvægasta atvinnugrein svæðisins ásamt sjávarútveginum. Þar á eftir kemur landbúnaðurinn. Aukninguna má beintengja við stofnun þjóðgarðsins sem og aukinn áhuga ferðamanna á jöklum almennt. Þá er krafan um gæði orðin mun meiri í jöklaferðamennskunni en var áður.“

**Náttúruperla Íslands**

Hornafjörður er ríkt svæði af fallegum náttúruperlum sem gaman er að skoða. „Stærstu ferðamannaseglarnir eru Skaftafell og Jökulsárlón og undanfarið hefur Vestrahorn sótt í sig veðrið sem einn af vinsælustu ferðamannastöðum svæðisins. Hér er frábært aðgengi að jöklum og býður fjöldi fyrirtækja upp á jöklaferðir eins og göngur, hellaferðir, sleðaferðir, jeppaferðir eða annað. Þá eru siglingar og kajakferðir á Jökulsárlóni og kajakferðir á Heinabergslóni. Einnig er boðið upp á Ingólfshöfðaferðir þar sem þátttakendur læra um sögu svæðisins, kynnast fuglalífinu og náttúrunni á ógleymanlegan máta.

Lónsöræfin hafa löngum verið vinsælt göngusvæði meðal Íslendinga vegna gífurlegrar náttúrufegurðar. Margar spennandi gönguleiðir eru í sveitarfélaginu, svo sem í Skaftafelli, á Heinabergssvæðinu, í Hoffelli og milli Jökulsárlóns og Fjallsárlóns. Unnið er að því að leggja nýjar og spennandi gönguleiðir. Göngu- og hjólreiðaleið frá Svínafelli yfir í Skaftafell verður til dæmis lögð í sumar og haust.“

Einn fallegasti golfvöllur landsins, Silfurnesvöllur, er staðsettur á Höfn í Hornafirði. „Þessi glæsilegi níu holu golfvöllur er sívinsæll hjá heimamönnum og aðkomufólki enda dásamlegt útsýni yfir fjörðinn og til jökla.“ Við strandlengjuna á Höfn er göngustígur með frábæru útsýni til jökla. Við stíginn er líkan af sólkerfinu í réttum stærðar- og fjarlægðarhlutföllum. „Það tekur tæpa klukkustund að ganga frá Sólinni að Neptúnusi við Silfurnesvöll. Svo má ekki gleyma sundlauginni sem er vel sótt af heimamönnum og auðvitað ferðamönnum, enda ein sú besta á landinu, vil ég meina.“

Líklegast eru hvergi jafnmargir gistimöguleikar og í sveitarfélaginu Hornafirði ef miðað er við stærð svæðisins. „Í sveitarfélaginu öllu eru 2.500 gistirými. Þá má nefna hótelgistingu, gistiheimili, bændagistingu og fleira. Svo eru fyrsta flokks tjaldstæði meðal annars á Höfn, í Skaftafelli, Svínafelli og í Stafafelli.“

**Búseta til fyrirmyndar**

Að sögn Matthildar er afar gott að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði. „Sveitarfélagið er stórt og býður upp á fjölbreytta búsetumöguleika, allt frá Öræfum austur í Lón. Í sveitarfélaginu búa um 2.400 manns, og býr stærstur hluti íbúa, eða um 1.800 manns, á Höfn. Húsnæðisverð hefur farið hækkandi undanfarin ár sem sýnir auknar vinsældir svæðisins. Fyrir söluverð á þokkalegri blokkaríbúð í Reykjavík má fá gott einbýlishús á Höfn. Þá hefur orðið töluverð fjölgun íbúa í Öræfasveit. Þar hafa risið stór hótel sem taka á móti miklum fjölda ferðamanna Skaftafells, Jökulsárlóns og þar í kring og krefjast fjölda starfsmanna.“

Þrátt fyrir stærð svæðisins eru vegalengdir stuttar á milli staða í þéttbýlinu. Innviðir eru að sama skapi til fyrirmyndar. „Hér starfa öflugir skólar og sterkt íþróttastarf og hentar búseta á svæðinu fjölskyldufólki vel. Skipulag íþróttastarfs og tómstunda er þannig að yngstu börnin eru búin í skóla og íþróttum fyrir klukkan fimm og býðst akstur heim í sveitir.“

**Fallegur bær**

Höfn í Hornafirði er stærsti þéttbýliskjarni svæðisins og er með fjölbreytta þjónustu, menningarlíf og fleira. „Bærinn er þekktur fyrir að vera einn fallegasti bær landsins, en við höfum fengið mikið hrós fyrir það hversu heillandi er að keyra inn í bæinn. Mikill metnaður er lagður í að halda honum hreinum og snyrtilegum og náttúran í kring spillir ekki fyrir enda stórbrotin og útsýnið frá bænum eftir því.

Í sveitarfélaginu er eitt mesta og fjölbreyttasta úrval veitingastaða miðað við höfðatölu og eru gæðin á heimsmælikvarða. Svæðið er þekktast fyrir fiskimiðin og hér fæst einn ferskasti fiskur á landinu. Síðustu ár hefur veiðst minna af humri en oft áður en hann er enn á boðstólum á mörgum stöðum enda alltaf jafn ljúffengur.“

**Blómlegt menningarlíf**

Það er alltaf nóg að gera í Hornafirði. „Hér er öflugur tónskóli og mikið félagsstarf í kringum íþróttir, tónlist og ýmsa listsköpun. Á Höfn er tónleika- og skemmtistaður og haldnir eru fastir viðburðir eins og þorrablót, sjómannaball og ýmislegt sem er tengt menningu staðarins.

Listasafn Svavars Guðnasonar heldur metnaðarfulla sýningardagskrá allt árið og hefur fengið mjög jákvæða umfjöllun undanfarið. Við vinnum að því að koma á koppinn fleiri sýningum og söfnum. Þá er unnið í endurbótum á Miklagarði, gömlu húsi við höfnina sem mun þjóna því hlutverki.

Að sögn Matthildar var ákveðið að breyta út af sporinu varðandi Humarhátíðina en henni verður dreift yfir allt sumarið og fram á haust. Þá er stefnt að því að halda gott slútt í september.

Í allt sumar verða tónleikar, skemmtilegir menningarviðburðir og ýmsar uppákomur í sveitarfélaginu. „Þar má nefna Skeiðarárhlaupið 10. júlí í Öræfum. Leiðin er 27,5 km löng og þykir sérstaklega falleg. Svo verður nýtt utanvegahlaup í Lóni haldið helgina eftir verslunarmannahelgi sem nefnist Austur Ultra. Þá er hlaupin 50 km leið, 20 eða 10 km úr Lónsöræfum að Stafafelli.“

Nánari upplýsingar um afþreyingu í Sveitarfélaginu Hornafirði má finna á visitvatnajokull.is og south.is.





Steinunn Helgadóttir, veitingastjóri og framkvæmdastjóri, og Sæþór Þorbergsson matreiðslumeistari. MYND/GOLLI

# Sælkerafæða sem kitlar bragðlaukana

**Hjónin Steinunn Helgadóttir, veitingastjóri og framkvæmdastjóri, og Sæþór Þorbergsson matreiðslumeistari eiga og reka margrómaða veitingahúsið Narfeyrarstofu í Stykkishólmi.**



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Narfeyrarstofa er elsta veitingahús Stykkishólms og fögnuðu þau 20 ára afmæli staðarins nú í byrjun júní. Fjölskyldan er samheldin og nýtur sín í rekstri staðarins. Hjónin hafa mikla ástríðu fyrir því sem þau eru að gera og staðurinn er þeirra hugarfóstur. „Við höfum mikinn áhuga á mat og matarmenningu ásamt hönnun en við hönnuðum sjálf Narfeyrarstofu eins og hún er í dag. Undanfarin ár höfum við tekið inn allt lambakjöt í heilu og unnið það þannig og Sæþór hefur kafað ofan í ræktun á sauðfé ásamt öllum ferlum sem því viðkemur. Við höfum t.d. þróað okkar eigið hangikjöt sem inniheldur mun minna saltmagn og fer mun betur í skrokkinn, bara svo eitthvað sé nefnt. Eins förum við rúnt alla daga til að sækja ferskt hráefni hjá fiskvinnslum hér í Stykkishólmi," segir Steinunn.

**Stóðu á tímamótum**

„Árið 2001 bauðst okkur að kaupa Narfeyrarstofu, sem var þá kaffihús, og þáverandi eigandi bjó á efri hæðinni. Við sjálf stóðum á tímamótum hvað vinnu varðar og slógum til, keyptum staðinn og breyttum honum í veitingahús. Við þurftum að gera talsverðar breytingar á staðnum. Fyrir 4 árum byggðum við síðan nýtt eldhús."

Sæþór og Steinunn keyptu gamalt hús í Stykkishólmi þegar þau voru 19 ára og höfðu verið að gera það upp. „Við ákváðum að selja húsið til þess að geta keypt Narfeyrarstofu," segir Sæþór.

**Sagan mikilvæg**

*Hvernig var þetta fallega nafn valið á staðinn?*

„Í gamla daga í Stykkishólmi báru húsin ekki götuheiti heldur hétu nöfnum og voru þá oft kennd við eigendur eða einhver kennileiti. Húsið heitir Narfeyrarhús og er kennt við Guðmund sem kemur frá Narfeyri á Skógarströnd og byggði húsið fyrir Málfríði Möller, ekkju Möllers apótekara. Þegar fyrrverandi eigandi hússins opnaði kaffihús efndi hann til nafnasamkeppni og þar varð nafnið Narfeyrarstofa til."

**Ferskt hráefnið úr Breiðafirði**

Aðalsmerki Narfeyrarstofu er að nýta allt það úrvals hráefni sem umhverfið og nærsveitin hefur upp á að bjóða. „Við búum við matarkistu Íslands. Breiðafjörðurinn gefur alveg einstakt hráefni, eins og hörpuskel, bláskel, sjófugl og egg. Vinsælustu réttirnir eru hörpuskelin, þorskurinn, bláskelin, sem er hágæða sælkerafæða, og íslenska lambið. Þorskhnakkinn er alltaf jafn vinsæll. Frá árinu 2015 höfum við verið að vinna með kjötafurðir þar sem íslenska lambið leikur stærsta hlutverkið. Við höfum fengið viðurkenningu íslenskra sauðjárbænda fyrir að vinna með rekjanlegt, ræktað lamb úr héraði. Við leggjum metnað okkar í að leita uppi gott íslenskt hráefni, lífrænt og vottað, sem við sækjumst eftir úr okkar nágrenni. Með allt þetta að leiðarljósi teljum við að markmiðum okkar sé náð og vonumst til að gestir okkar njóti matargerðarinnar."

» **Við búum við matarkistu Íslands. Breiðafjörðurinn gefur alveg einstakt hráefni, eins og hörpuskel, bláskel, sjófugl og egg.**

**Leyndarmál bak við velgengnina**

„Við erum samrýnd fjölskylda og eigum auðvelt með að vinna saman. Börnin okkar hafa hvatt okkur, sem er dýrmætt, og lagt hart að sér til að hjálpa okkur að láta Narfeyrarstofu vaxa og dafna. Við höfum öll mikla ástríðu fyrir því sem við erum að gera. Við höfum líka verið alveg einstaklega heppin með starfsfólk sem hefur unnið hjá okkur í gegnum árin."

Steinunn og Sæþór eiga tvö börn, Þorberg Helga, 28 ára matreiðslumann, og Anítu Rún, 25 ára, sem er að klára 3. árið í Osteopath-námi í London. Síðan er tengdadóttirin, Anna Lind, og barnabarnið Ágúst Heiðar.

Þau ljóstra hér upp uppskriftum að vinsælustu réttunum þeirra. ■



## Pönnusteikt hörpuskel með sætkartöflumauki og perlubyggi

**Fyrir 4**

1 sæt kartafla
u.þ.b. 1-2 tsk. íslenskt flögusalt
u.þ.b. 200 g perlubygg
1-2 hvítlauksgeirar, saxaðir
u.þ.b. ½ chili-aldin, saxað smátt
20-30 g smjör, ósaltað
u.þ.b. 50 g parmesanostur, rifinn
16-20 stk. hörpuskel, snyrt

Þegar hörpuskel er matreidd er mikilvægt að hreinsa hana vel og fjarlægja lítinn flipa sem hangir oft utan á henni, það er sin sem heldur henni inni í skelinni og verður mjög seig við eldun.

Hitið ofn í 200 °C. Bakið sæta kartöflu í u.þ.b. 1 klst. eða þar til hún er elduð í gegn. Látið kólna örlítið, takið hýðið utan af kartöflunni og maukið hana í matvinnsluvél þar til myndast hefur slétt mauk. Bragðbætið með salti. Sjóðið perlubygg samkvæmt leiðbeiningum á pakka og bætið 1 hvítlauksgeira og örlitlu chili-aldin út í vatnið. Takið byggið af hitanum, hrærið smjöri og parmesanosti saman við, bragðbætið með salti. Þerrið hörpuskelina, hitið pönnu með olíu og hafið á háum hita. Steikið hörpuskelina í u.þ.b. 1 mín. á hvorri hlið, blandið saman við hvítlauk og chili-aldin í lokin og sáldrið yfir salti.

## Bláskel með kryddsósu

**Fyrir 4**

4 kardimommur
2 anísstjörnur
1 msk. kumminfræ
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
1 rautt chili-aldin, fræhreinsað og saxað smátt
1 laukur, saxaður smátt
olía, til steikingar
500 ml tómatar, maukaðir í dós
u.þ.b. 50 ml kókosmjólk
1-2 tsk. hunang
bláskel, fyrir 4

Við mælum með breiðfirskri bláskel þar sem hún hefur mikla holdfyllingu. Bláskelin á að opnast við eldun og hafið í huga að borða ekki bláskel ef skelin opnast ekki.

Steytið saman kardimommur, anísstjörnur og kumminfræ í morteli. Hitið víðan pott og hafið á miðlungsháum hita. Ristið kryddið í pottinum í 1-2 mín. þar til það byrjar að ilma, hér þarf að passa að kryddið brenni ekki.

Bætið olíu saman við ásamt lauk og eldið saman þar til laukurinn er orðinn glær. Bætið því næst hvítlauk og chili-aldin saman við og eldið í u.þ.b. 1 mín.

Hellið tómötum og kókosmjólk saman við blönduna, lækkið örlítið undir pottinum og látið malla í u.þ.b. 30 mín. eða þar til sósan hefur soðið svolítið niður. Bragðbætið með hunangi.

Hitið stóran pott sem til er á lok og hafið á vægum hita. Setjið bláskelina út í pottinn ásamt vel af kryddsósunni, setjið á lok. Hristið pottinn af og til og eldið bláskelina í nokkrar mín. eða þar til hún hefur opnast. Það er ekki nauðsynlegt að setja vökva með bláskelinni þegar hún er elduð þar sem hún losar frá sér töluverðan vökva við eldun. Hristið pottinn af og til í eldunarferlinu. ■




Osprey Bakpokar
-eitt mesta úrval landsins!
Kestrel 38L Göngubakpoki
33.990 kr.
Lífstíðarábyrgð
Stillanlegt bak
Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur
Brjóstól á sleða og með neyðarflautu
Göngustafa festing
Hámarksöndun í baki
Flöskuvasar
Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna
Vasi á mjaðmabelti
Vasi í topploki
Netavasi með lyklahengju undir topploki
Hægt að opna á hliðinni
Netapoki
Tvískipt hólf
Lykkja fyrir ísöxi
Svefnpokaólar
OSPREY
Aether 65L ♂ / Ariel 65L ♀
Burðarbakpoki
51.990 kr
Raptor 10L ♂ / Raven 14L ♀
Hjólabakpoki
26.990 kr / 27.990 kr
Talon 22L ♂ / Tempest 30L ♀
Fisléttur alhliða bakpoki
26.990 kr / 29.990 kr
Arcane Tote Pack 20L ♀♂
Gerður úr endurunnum efnum
19.990 kr
Transporter dufflar
Verð frá: 23.990 kr
Hydraulics vatnspokar
Verð frá: 7.590 kr
Regnplast í ýmsum stærðum
Verð frá: 4.190 kr
Skipulagspokar
Þrír saman í einum pakka
6.490 kr
Seral 7
Mittistaska með vatnspoka
17.990 kr
Daylite Waist
Mittistaska fyrir nauðsynjar
6.490 kr
Daylite 13L
Alhliða bakpoki
11.990 kr
Daylite Duffel 30L
Alhliða taska
13.990 kr
Stingum af ...
GG SPORT
Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!
@ggsport.is
@gg_sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA




**Stiga TwinClip 50SQB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S mótor 625EXI,2,27kW
Tvískiptur hnífur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

**Gítarinn ehf.**
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

**Ukulele á tilboði**



Mikið úrval
Verð við allra hæfi



**mýranaut**

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

3ja herbergja íbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu, laus fljótlega. Bílskúr með bílastæði getur fylgt. Uppl. í síma 8456140.

3ja herbergja íbúð í 101 til leigu. Með eða án húsgagna. Er laus strax. Uppl. í síma 861-6841

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

Óskar eftir góðum manni í húsaviðgerðir. Helst vönum - en þó ekki skilyrði. Uppl. í s. 780 2838, Rúnar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Hverfisskipulag í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti

**Í samræmi við 5. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að hverfisskipulagi í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti.**



Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. júní 2021 og borgarráði Reykjavíkur þann 10. júní 2021 og borgarstjórn 15. júní var samþykkt að auglýsa tillögu að hverfisskipulagi í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti. Hverfisskipulag er ný skipulagsáætlun fyrir gróin hverfi og kemur í stað eldri deiliskipulagsáætlana sem verða felldar úr gildi við samþykkt hverfisskipulags.

Helstu markmið hverfisskipulagsins eru að stuðla að sjálfbærum og vistvænum hverfum, bæta þjónustu, fjölga íbúðum og auðvelda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum sínum.

Samhliða er auglýst breyting á leiðbeiningum hverfisskipulags í Reykjavíkurborg sem heitir Fjölgun íbúða. Í leiðbeiningunum kemur fram hvernig mögulegt er að útfæra byggingarheimildir sem gefnar eru í hverfisskipulagi.

**Sýning á tillögum fyrir hverfisskipulag í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholt**
- Göngugötunni í Mjódd: 19. til 26. júní kl. 11:30 til 18:00
- Borgartúni 12-14: 28. júní til 23. ágúst kl. 8:30 til 16:00

**Íbúafundur verður haldinn í Gerðubergi 24. júní kl. 17.00 til 18.30 til að kynna helstu tillögur**.

**Kynningin stendur í 8 vikur og lýkur 23. ágúst 2021**.

Tillögur að hverfisskipulagi eru aðgengilegar á vefnum; ***http://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu*** og á ***https://skipulag.reykjavik.is/hverfaskipulag/breidholt***.

Íbúar og hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögur að hverfisskipulagi í 6.1. Neðra Breiðholt, 6.2. Seljahverfi og 6.3. Efra Breiðholt skal skilað skriflega til skipulagsfulltrúa Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík eða á netfangið ***skipulag@reykjavik.is***, eigi síðar en 23. ágúst 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 29. júní 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## Hafdals hótel við Akureyri



Nýlegt hótel, stór og góð herbergi. fallegt útsýni. 7. mín. akstursfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.
**Bókanir á www.hafdals.is**
**Sími 898 8347**

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

**BÆJARSTJÓRN GARÐABÆJAR AUGLÝSIR HÉR MEÐ TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM DEILISKIPULAGA Í SAMRÆMI VIÐ 1. MGR. 41 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 SBR. 1 MGR. 43. GR. SÖMU LAGA.**

Kinnargata 92, tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Austurhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir því að fjölgi um eina íbúð á lóðinni og að byggingarreitur bílakjallara breytist og stækkar.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is** og í þjónustuveri.

**Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 9. ágúst 2021, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.**

GARÐABÆR
gardabaer.is

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN
KING KOIL
20%
AFSLÁTTUR
SELJUM ELDRI GERÐIR AF KING KOIL RÚMUM MEÐ 20 - 40% AFSLÆTTI
KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is
rekkjan
HEILSURÚM

## Veðurspá Þriðjudagur




Sunnan og suðvestan 5-10 og skýjað, en 10-18 á norðvestanverðu landinu og rigning eða súld öðru hvoru þar. Hiti 10 til 23 stig, hlýjast SA-til, en allt að 25 stigum í innsveitum austanlands á morgun. ■




## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Carlsen (2847) átti leik gegn Salam (2682) á Goldmoney Asia Rapid á Chess24.

**33....De1+! 0-1 Eftir 34. Dxe1 Rxf3+ 35. Kf1 Rxe1 36. Kxe1 Rxa4** er svarta staðan auðunnin. Undankeppninni lauk í gær. Átta efstu komast í útsláttarkeppni. Davíð Kjartansson (TERRA) vann Mjóddarmótið á laugardaginn. Arnar Gunnarsson (Efnalögin Björg) varð annar og Vignir Vatnar Stefánsson (Suzuki-bílar) varð þriðji.

**www.skak.is:** Goldmoney-mótið. ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 FLJÓT
5 SAMSTÆÐA
6 Í RÖÐ
8 YFIRSJÓN
10 TVEIR EINS
11 DUND
12 NÝNEMI
13 BILUN
15 LÆSAST
17 SKRÍPALEIKUR

**LÓÐRÉTT**
1 EMJAN
2 HEITI
3 PIRRUÐ
4 RÓT
7 SMÁFLEYGUR
9 UPPSPETTUR
12 HITA
14 MÆRÐ
16 TVEIR EINS



**LÁRÉTT:** 1 snögg, 5 par, 6 rs, 8 afglap, 10 nn, 11 aml, 12 busi, 13 ólag, 15 lokast, 17 farsi.
**LÓÐRÉTT:** 1 spangól, 2 nafn, 3 örg, 4 grams, 7 splitti, 9 laugar, 12 baka, 14 lof, 16 ss.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Fullkomin blanda af söltu og sætu! Nóa súkkulaðihúðaðar saltkringlur eru gjörsamlega ómissandi í útileguna, úti á palli eða inni í stofu. Hvar sem þú ert þá bara geturðu ekki lagt þær frá þér!

cocoa HORIZONS

# Hefur alltaf verið heilluð af hraunbreiðum

Einkasýning Rögnu Róbertsdóttur stendur yfir í i8, Tryggvagötu. Þar sýnir hún eldri verk í bland við ný verk. Sýningin stendur til 31. júlí.

Kolbrún Bergþórsdóttir

Á meðal verka á sýningunni eru tvö stór hraunverk sem Ragna vann á veggi gallerís i8. Þau eru úr svörtum vikri sem Ragna safnaði við rætur Heklu. „Ég bar lím á vegginn og fleygði vikrinum á hann og vann síðan áfram,“ segir hún. Þegar sýningunni lýkur verður verkið skafið niður og verður ekki til lengur. Spurð hvort það sé ekki vond tilfinning segir listakonan: „Nei, alls ekki, ég hef gert þetta endalaust í gegnum árin.“

Ragna segist alltaf hafa verið heilluð af hraunbreiðum. „Ég fór með foreldrum mínum í útilegur og við gistum í námunda við Heklu. Ætli áráttan hafi ekki byrjað þá,“ segir hún. Spurð hvort hún taki sér langan tíma til að skapa hraunverk sín segir hún: „Það er tveggja til þriggja daga verk að skapa þessi stóru verk. Eftir að búið er að bera lím á vegginn þá er ekki hægt að stoppa heldur verður að halda áfram áður en límið þornar.“

Meðal annarra verka eru nokkrar þéttbundnar torfrúllur. „Þetta torf er orðið 30 ára gamalt og er alveg eins og nýtt. Það er þurrkað, var á Kjarvalsstöðum árið 2004 og hefur ferðast um heiminn,“ segir hún. Einnig má sjá vafninga sem gerðir eru úr Manila-reipi og hör, sem flett er út og þremur stöflum af rétthyrndum steinskífum er komið fyrir á milli þeirra.



Ragna við hraunverkin sem hún vann á veggi gallerísins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”

**Ég hef alltaf notað meira og minna náttúruleg efni til að vinna með.**

Nýtt silfurverk er einnig á sýningunni og gestir geta speglað sig í því. Verkið mun breytast þegar fellur á silfrið og mynstur verður til.

Fyrir utan i8 er útiverk eftir Rögnu sem samanstendur af þremur bronsplötum sem komið hefur verið fyrir í stað gagnstéttarhellna. „Í verkum mínum hef ég verið að vinna með tímann og þetta er brons sem breytist með tímanum vegna þess að hann fær á sig allt mögulegt vegna veðurs og átroðnings.“

Enn einn þáttur sýningarinnar er verk Rögnu í Hljómskálagarðinum, stígur gerður úr rauðamöl. „Ég hef gert stíga eins og þennan á ýmsum stöðum í gegnum árin úr rauðamöl frá Seyðishólum. Þegar fólk gengur á stígunum fara þeir smám saman að taka breytingum.“

Bronsgangstéttin og rauðamalarstígurinn verða til sýnis allt fram í september.

Spurð hvort tengja megi verk hennar við umhverfisvernd segir Ragna: „Það gerist ósjálfrátt. Ég hef alltaf notað meira og minna náttúruleg efni til að vinna með. Stór hluti af vinnunni felst í því að ná í efnið að rótum Heklu og fleiri eldfjalla.“ ■



Gréta Kristín Ómarsdóttir leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Forsýning á Góðan daginn faggi

Kolbrún Bergþórsdóttir

Sjálfsævisögulegi heimildasöngleikurinn Góðan daginn faggi verður forsýndur á menningarhátíð á Café Dunhaga á Tálknafirði 2. og 3. júlí nk. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og leikhópsins Stertabendu og eru höfundar og aðstandendur verksins Bjarni Snæbjörnsson leikari, Gréta Kristín Ómarsdóttir leikstjóri og Axel Ingi Árnason tónskáld.

Góðan daginn faggi er einleikur þar sem fertugur söngleikjahommi leitar skýringa á skyndilegu taugaáfalli sem hann fékk upp úr þurru einn blíðviðrisdag. Eftir vandasaman leiðangur um innra líf sitt, fortíð og samtíma rekst hann á rætinn hommahatara á óvæntum stað.

»

**Sýningin hefur verið í vinnslu í þrjú ár og unnin í nánu samtali við Tálknfirðinga.**

Sýningin hefur verið í vinnslu í þrjú ár og unnin í nánu samtali við Tálknfirðinga, en Bjarni Snæbjörnsson ólst upp á Tálknafirði. Verkið verður forsýnt á menningarhátíð á Café Dunhaga 2. og 3. júlí kl. 20.30. Ókeypis er inn á sýningarnar.

Sýningin verður frumsýnd í Þjóðleikhúskjallaranum 5. ágúst næstkomandi á Hinsegin dögum í Reykjavík. ■



Nýtt útilistaverk eftir Sigurð Guðmundsson verður afhjúpað um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Afhjúpun og einkasýning

Kolbrún Bergþórsdóttir

Afhjúpun á nýju útilistaverki og opnun einkasýningar Sigurðar Guðmundssonar á Djúpavogi fer fram laugardaginn 10. júlí. Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, mun afhjúpa útilistaverkið Frelsi, sem gert er í minningu um þrælinn Hans Jónatan, við Löngubúð kl. 14.30 og opna í kjölfarið sýninguna Alheimurinn er ljóð í Bræðslunni kl. 15.00. Gjörningar fara fram á opnun og gefin er út sýningarskrá í tilefni sýningarinnar.

Sýning Sigurðar Guðmundssonar, Alheimurinn er ljóð, samanstendur af ólíkum verkum frá árunum 1969–2021. Ferill Sigurðar er fjölbreyttur og miðlarnir ólíkir en póetískur tónn hefur umvafið verk hans alla tíð, hvort sem um er að ræða ljósmyndaverk, höggmyndir, teikningar, grafíkverk eða gjörninga hans, en hann hefur einnig samið tónverk, ljóð og gefið út fjórar skáldsögur.

Sýningin er rökrétt framhald af síðustu útgáfu Sigurðar, Ljóð og Ljóð, sem kom út árið 2020 og var safn af ljóðum listamannsins. Verkin á sýningunni eru ljóð í sjálfu sér en Sigurður lítur á alheiminn sem ljóð og í samskiptum sínum við hann finnst listamanninum bæði gott og rétt að upplifa alheiminn sem ljóð.

Sigurður Guðmundsson (f. 1942) er meðal fremstu myndlistarmanna Íslendinga. Hann býr og starfar á Djúpavogi, í Reykjavík, Amsterdam og Xiamen í Kína.

Sýningin Alheimurinn er ljóð fer fram í Bræðslunni á Djúpavogi og er samstarfsverkefni Múlaþings, Kínversk-evrópsku menningarmiðstöðvarinnar – CEAC og ARS LONGA með stuðningi frá Uppbyggingarsjóði Austurlands.

»

**Katrín Jakobsdóttir mun afhjúpa útilistaverkið Frelsi sem gert er í minningu um þrælinn Hans Jónatan.**

Sýningarskrá kemur út samhliða sýningunni sem unnin er í samvinnu við Studio Studio. ■


Walk-in N
Öryggi og vellíðan
Stílhrein sturta.
Sturtubotn fáanlegur í mörgu stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng. 8mm hert öryggisgler.
Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga lokað
INNRÉTTINGAR & TÆKI




433.is
ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum með aðstoð helstu sparksérfræðinga landsins.

Þátturinn er sýndur samtímis á Hringbraut og 433.is

HRINGBRAUT



NÁÐU TIL FJÖLDANS MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

46,5% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 25 - 80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.




FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is


# Þriðjudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Eldhugar** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
**20.00 433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

## RÚV Sjónvarp

**11.00 Sumarlandabrot**
**11.10 Kastljós**
**11.25 Menningin**
**11.35 Helgi syngur Hauk**
**12.45 Komdu að sigla**
**13.10 Söngvar um svífandi fugla**
**13.55 Sameinaðar þjóðir: Aðkallandi lausnir á umbrotatímum**
**14.30 Gleðin í garðinum**
**15.00 Það er gott að vera hér: Leonard Cohen á Íslandi**
**16.10 Aldamótabörn verða tvítug**
**17.10 Loftlagsþversögnin**
**17.20 Við getum þetta ekki**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Rosalegar risaeðlur**
**18.29 Hönnunarstirnin III**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Sumarlandabrot 2020**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Sumarlandabrot** Stutt umfjöllun Sumarlandans sem verður á flakki í sumar og hittir landann fyrir í sínu náttúrulega umhverfi, uppi á fjöllum, úti í garði, inni í skógi og allt um kring.
**20.05 Martin Clunes: Eyjar Ameríku** Ferðaþættir þar sem leikarinn Martin Clunes úr þáttunum um Martin lækni ferðast um strendur Ameríku og kynnist eyjunum þar í kring. Á ferðalagi sínu virðir hann fyrir sér kyngimagnaða náttúru, kynnist fjölbreyttu dýralífi og ræðir við sagnfræðinga og heimamenn.
**20.55 Græni slátrarinn**
**21.25 Dagbók smákrimma** Sænskir gamanþættir um smákrimmann Metin Turkoglo sem er þekktur í úthverfum Stokkhólms fyrir klúðurslega glæpi. Hann er laus úr fangelsi og verður að finna sér vinnu til að koma lífi sínu á réttan kjöl. Það er hrein ráðgáta hvernig Metin tekst alltaf að snúa lífi sínu á hvolf. Fylgst er með lífi Metin heima, í „vinnunni“ og með félögunum þar sem hann reynir að bjarga sér úr alls konar vandræðum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Gátan ráðin í San Francisco**
**23.05 Þýskaland '86**
**23.50 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**10.00 European Tour 2021**
**15.30 European Tour 2021**
**20.00 European Tour 2021 - Highlights**
**20.25 European Tour 2021**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.10 The Late Late Show with James Corden**
**13.50 The Block**
**14.54 Life Unexpected**
**15.36 90210**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show with James Corden**
**19.05 The Block**
**20.10 Líf kviknar**
**20.45 The Moodys**
**21.10 Younger**
**21.40 Bull**
**22.30 Hightown**
**23.25 Pose**
**00.25 The Late Late Show with James Corden**
**01.10 Love Island**
**02.05 Ray Donovan**
**02.55 Normal People**
**03.25 Station 19**
**04.10 Queen of the South**
**04.55 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið – Hörmungarhlaup í Kína og bóluefnaskortur þrátt fyrir fögur fyrirheit**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hvar erum við núna?**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan: Njáls saga**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**11.10 Nancy Drew and the Hidden Staircase**
**12.35 Stan & Ollie**
**14.15 Working Girl**
**16.05 Nancy Drew and the Hidden Staircase**
**17.30 Stan & Ollie**
**19.05 Working Girl**
**21.00 The Limehouse Golem**
**22.45 Jojo Rabbit**
**00.30 The Book of Love**
**02.15 The Limehouse Golem**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Divorce**
**09.55 Logi í beinni**
**10.45 Your Home Made Perfect**
**11.45 NCIS**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Friends**
**13.20 The Good Doctor**
**14.00 Ísskápastríð**
**14.35 The Masked Singer**
**15.40 Lýðveldið**
**16.00 Feðgar á ferð**
**16.25 BBQ kóngurinn**
**16.40 Veronica Mars**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Einkalífið**
**19.35 Saved by the Bell** Framhaldsþáttaröð vinsælla gamanþátta frá tíunda áratugnum sem báru sama nafn. Zack Morris er orðinn ríkisstjóri í Kaliforníu og hefur sett á laggirnar prógramm þar sem unglingar frá tekjulágum fjölskyldum fá flutning í gamla skólann hans, Bayside High, sem er mikill snobbskóli og allt annað en krakkarnir hafi vanist.
**20.10 Shrill**
**20.35 Manifest**
**21.20 Patrekur Jamie: Æði** Önnur þáttaröð þessa skemmtilegu raunveruleikaþátta um samfélagsmiðlastjörnuna og áhrifavaldinn Patrek Jaime sem er fæddur og uppalinn á Akureyri en á ættir að rekja til Chile. Við höldum áfram að fylgjast með Patreki, eða Patta eins og vinir hans kalla hann, í daglegu amstri sem ungur maður í hröðum og síbreytilegum heimi.
**21.45 The Girlfriend Experience**
**22.15 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.50 The Wire**
**23.50 The Gloaming**
**00.40 Coroner**
**01.25 LA's Finest**
**02.10 The Mentalist**
**02.50 Divorce**
**03.20 NCIS**

## Stöð 2 Sport

**08.25 Pepsi Max Stúkan - 28. júní**
**09.00 Leiknir R. - Víkingur R.**
**10.45 Þór - Grindavík**
**12.25 Stjarnan - KA**
**14.05 ÍBV - Valur**
**15.45 Keflavík - Breiðablik**
**18.00 Valur - Leiknir R.**
**19.50 Valur - Keflavík**
**21.55 Fram - FH**
**23.15 Leiknir R. - Víkingur R.**

## Stöð 2 Sport 2

**07.45 Coventry - Birmingham**
**09.25 Plymouth - Portsmouth**
**11.10 AC Milan - Napoli**
**12.50 Sevilla - Barcelona**
**14.30 Atlanta Hawks - Milwaukee Bucks**
**16.35 Phoenix Suns - LA Clippers**
**18.30 EM í dag - Upphitun**
**18.50 Svíþjóð - Úkraína**
**20.55 Ungverjaland - Frakkland**
**22.40 Portúgal - Þýskaland**
**00.30 Atlanta Hawks - Milwaukee Bucks**


OUTLET
50%
AFSLÁTTUR
ICEWEAR
ICELAND
ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA
HINRIK Dúnúlpa
Nú kr. 24.995.-
Kr. 49.990.-
HELENA Dúnúlpa
Nú kr. 24.995.-
Kr. 49.990.-
FOLDA Parkaúlpa
Nú kr. 18.995.-
Kr. 37.990.-
FANNAR Parkaúlpa
Nú kr. 18.995.-
Kr. 37.990.-
FROST Parkaúlpa
Nú kr. 7.495.-
Kr. 14.990.-
BARNA
GUNNUR Fóðraður jakki
Nú kr. 7.995.-
Kr. 15.990.-
EYJA Softshell jakki
Nú kr. 7.995.-
Kr. 15.990.-
ERIK Dúnjakki
Nú kr. 7.995.-
Kr. 15.990.-
EMMA Dúnjakki
Nú kr. 7.995.-
Kr. 15.990.-
KRÍA Hybrid jakki
Nú kr. 7.995.-
Kr. 15.990.-
BRÁ Dúnjakki
Nú kr. 11.495.-
Kr. 22.990.-
Velkomin í miðborgina
KJALAR Hybrid jakki
Nú kr. 7.995.-
Kr. 15.990.-
LENA/LEVÍ
Mjúk og hlý flíspeysa
Nú kr. 4.495.-
Kr. 8.990.-
LOGAN Hettupeysa
Nú kr. 4.995.-
Kr. 6.990.-
Næg bílastæði
í bílastæðahúsi
gegnt ICEWEAR
ICEWEAR MAGASÍN
LAUGAVEGUR 91
icewear.is

# Síbreytileg sýning sem endar með flugeldum

Sigríður Soffía opnaði sýningu á innsetningunni Eldblóm: Dansverk fyrir flugelda og flóru í Hallargarðinum á föstudaginn. Verkið samanstendur af blómum sem springa út yfir næstu mánuði og endar svo á flugeldasýningu á menningarnótt.

steingerdur@frettabladid.is

Eldblóm, innsetning danshöfundarins og flugeldahönnuðarins Sigríðar Soffíu Níelsdóttur, Eldblóm: Dansverk fyrir flugelda og flóru, var opinberuð gestum í Hallargarðinum við Fríkirkjuveg á föstudaginn. Verkið er unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg og Torg í biðstöðu. Sýningin er í raun framhald blómlegrar sýningar sem listakonan stóð fyrir í Hallargarðinum síðasta sumar og gekk undir sama nafni. Innsetningin samanstendur af blómum sem skreyta garðinn eftir hugmyndum Sigríðar Soffíu, sem er einn fremsti dansari og danshöfundur landsins. Innsetningin endar svo á flugeldasýningu á menningarnótt. Sigríður Soffía hefur getið sér góðan orðstír fyrir flugeldahönnun, sýningaröð sem hún vann í samstarfi við Hjálparstarf skáta í Reykjavík og kallaðist Eldar var sýnd á menningarnótt 2014–2017. Fyrir hana fékk hún Menningarverðlaun DV og var Eldar tilnefnd sem eitt af dansverkum ársins af Morgunblaðinu, sem vakti nokkra athygli en það gladdi Sigríði Soffíu að opna mögulega á það samtal hvað dans í raun og veru er. Hún hefur hannað flugeldasýningar víða um heim síðan þá, fyrir margfalt fleiri áhorfendur en voru hér á menningarnótt.

Mætingin á opnun Eldblóma var góð, sérstaklega í ljósi veðurs, sem var kalt og blautt. En gestir létu það ekki á sig fá, brostu út að eyrum, enda fátt annað hægt að gera þegar maður er umkringdur síbreytilegu litríku blómaskrúði.

„Lífið er alls konar, það er mikilvægt að skála líka í rigningunni," sagði Sigríður Soffía í stuttri ræðu sem hún hélt á opnuninni, og uppskar hlátur gesta.

Verkið var vinsæll áningarstaður fólks í svo kölluðum Covid-göngutúrum, þegar fólk í sóttkví eða einangrun gat farið í göngutúra til að stytta sér stundir. Ásýnd blómanna var sífellt að breytast, þar sem því var og er hagað svo að blóm voru sett saman í beðið sem spretta og blómstra á ólíkum tíma. ■



Sigga Soffía vann verkið með garðyrkjufræðingnum Zuzana Vondra Krupkova sem starfar hjá Reykjavíkurborg en hún ræktaði öll blómin frá fræi og stóð hitann og þungann af uppsetningu verksins. MYND/AÐSEND



Ásgeir Helgi og Lovísa Ósk voru vel búin í rigningunni.



Trausti Friðbertsson ásamt Sigríði Soffíu, höfundi verksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Emelía Sigurðardóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir og Sigtryggur Magnason skáluðu yfir sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Martina V. Nardini, Íris Ásta Pétursdóttir, Emma Thorlacius, Jónanna Björnsdóttir og Jónína Ingólfsdóttir létu sig ekki vanta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



María Ólafsdóttir og Sunna Hlynsdóttir mættu á opnunina á föstudaginn. FRÉTTBLAÐIÐ/VALLI






## Opinn kynningarfundur þriðjudaginn 29. júní kl. 12:30 í vefstreymi

Solid Clouds hf. býður til opins kynningarfundar í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútboð sem fram fer dagana 28.-30. júní 2021. Vefstreymið verður aðgengilegt á vefsíðu Solid Clouds **www.solidclouds.com** og á vef Arion banka **www.arionbanki.is**

**Solid Clouds** var stofnað árið 2013 til að framleiða fjölspilunarleiki, og hefur félagið þróað tæknigrunn sem flýtir fyrir gerð slíkra leikja. Fyrsti leikur félagsins, *Sovereign Space*, kom út á síðasta ári og er **nýr leikur, *Frontiers*, væntanlegur á næsta ári** en báðir gerast í *Starborne*-heiminum.

Boðnir verða til sölu **40.000.000 nýir hlutir**, eða sem samsvarar um 31,7% af útgefnu hlutafé félagsins. Félagið hefur heimild til að stækka útboðið í allt að 58.000.000 nýja hluti, eða sem samsvarar um 46,0% af útgefnu hlutafé félagsins.

Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama útboðsgengi sem verður **12,5 kr. á hlut.** Áætlað heildarsöluandvirði útboðsins nemur um **500 milljónum króna** fáist áskrift að grunnstærð útboðsins, en **725 milljónum króna ef stækkunarheimild er nýtt.**

---

### Útboðið nær til nýrra hlutabréfa í félaginu og skiptist í tvennt:

| Áskriftarleið A | Áskriftarleið B |
|---|---|
| 100.000 kr. - 15.000.000 kr. | Yfir 15.000.000 kr. |

---

Hlutafjárútboð þetta byggir á undanþáguákvæði **3. gr. laga nr. 14/2020** um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjárfesting einstaklinga í hlutabréfum Solid Clouds, að uppfylltum ýmsum skilyrðum, **getur veitt heimild til frádráttar á tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattsstofni**. Til þess að nýta framangreindan skattafrádrátt skal fjárfestingin nema á bilinu 300.000 kr. til 15.000.000 kr. og eignarhaldstíminn vera að lágmarki þrjú ár.[1]

**Arion banki** hefur umsjón með útboðinu og er einnig söluaðili þess.

---

### Helstu skilmálar:

- Hver áskrift í almenna útboðinu skal vera að **lágmarki 100.000 kr.**
- Tekið verður við áskriftum á vef Arion banka hf. (**www.arionbanki.is/solidclouds-utbod**) frá 28. júní 2021 kl. 10:00 (GMT) til 30. júní 2021 kl. 16:00 (GMT)
- Fjárfestar hafa heimild til að bæta við áskrift sína eða fella hana niður á útboðstímabilinu
- Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar opinberlega **1. júlí 2021**
- Eindagi kaupverðs er áætlaður **6. júlí 2021**
- Áætlað er að hin nýju bréf verði tekin til viðskipta og afhent þann **12. júlí 2021**
- Aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Arion banka í síma **444-7000** milli kl. 09.00 og 16.00 dagana 28. júní til 30. júní 2021 og í gegnum tölvupóstfangið **solidclouds-utbod@arionbanki.is**



---



Nánari upplýsingar um Solid Clouds, hlutabréf félagsins og skilmála útboðsins má finna í skráningarskjali sem dagsett er 23. júní 2021 auk fjárfestakynningar sem birt eru á **www.solidclouds.com/investors** og **www.arionbanki.is/solidclouds-utbod**

[1] Nánari upplýsingar má finna á: https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradrattur/hlutabrefafradrattur/
Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að leita sér sérfræðiráðgjafar varðandi skattamál

*Vakin er athygli á því að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og má kynna sér nánar áhættuþætti vegna starfsemi og hlutabréfa Solid Clouds í skráningarskjali dagsettu 23. júní 2021*

Arion banki



Ljóðskáldið og heimspekingurinn Kristján Hreinsson er vel bakaður í 35 gráðu hita í Mílanó þar sem hann býr og skrifar eins og vindurinn, laus undan gigt og stirðleika. MYND/AÐSEND

# Skáldið við 35 gráður

**Höfundarverk ljóðskáldsins Kristjáns Hreinssonar er býsna drjúgt en þar er ellefta skáldsagan, Lókin í golunni, sem byggir óbeint á örlögum móður hans, nýjust. Síðan bíða sex óútgefnar bækur þar sem skáldið gerir lítið annað en að skrifa eftir að hann flutti til Ítalíu.**

thorarinn@frettabladid.is

Kristján Hreinsson er þekktastur sem ljóðskáld þótt hann hafi einnig lengi látið að sér kveða með hundruðum söngtexta, greinaskrifum og skáldsögum sem eru orðnar ellefu með Lókin í golunni – Örlagasaga tveggja systra, sem er sprottin upp úr kuldalegum íslenskum veruleika í kringum síðari heimsstyrjöldina.

„Raunverulegu atvikin eru náttúrlega, svona eins og maður segir í heimspekinni, kannski ekki í beinni tengingu við sannleikann. Eins og mannkynssagan segir okkur ekki það sem gerðist heldur það sem við segjum að hafi gerst.“

Þrátt fyrir áhersluna á að um skáldskap sé að ræða hefur Kristján ekki farið leynt með að sagan er að hluta til byggð á reynslu móður hans, Guðrúnar Ólafsdóttur, og systur hennar Dagbjartar.

„Ég heyrði alls konar sögur í æsku og svo hef ég mikið lesið alls konar skrif um þessi ár, bæði í kringum fyrra stríð og eins í seinna stríði, og hvernig brugðist var við í miklu atvinnuleysi ef móðir dó frá fjölskyldu sinni.

Ég lagði svolitla áherslu á að kíkja á hvernig aðstæðurnar voru í slíkum dæmum og yfirleitt var það þannig að faðirinn var ekki talinn geta séð um börnin,“ segir Kristján og bætir við að svo virðist sem efnahagur hafi ekki endilega ráðið úrslitum.

## Brothættar sálir

„Það kemur ekki alltaf fram hvort þeir hafi ekki getað þetta af sjálfsdáðum en yfirleitt virtist það bara vera þannig að yfirvöld leystu svona mál með því að dreifa börnunum annað og fjölskyldur flosnuðu upp.

Þannig að ég hafði úr töluvert miklu að moða til viðbótar við nokkrar sögur í minni ætt sem eru mér nokkuð nærtækar. En ég breytti öllu og þetta er ekki byggt á neinum sannleika sem slíkt. Það eru engir staðarhættir eða neitt sem birtast þannig í þessari sögu.“




## Örlagasaga systra

Lókin í golunni – Örlagasaga tveggja systra er ellefta skáldsaga Kristjáns Hreinssonar. Hann byggir söguna að hluta á atburðum sem áttu sér stað í raun og veru en kýs að líta á hana sem hreinan skáldskap með sögulegu ívafi.

Lókin í golunni er örlagasaga systra sem mæta hörðum heimi stríðsáranna við andlát móður sinnar. Faðir þeirra verður að sætta sig við að yfirvöld sundri fjölskyldunni og fátækt og niðurlæging blasir við stúlkunum. En vængir vonarinnar eru sterkir og lífið sýnir sínar fegurstu hliðar þegar öllu er á botninn hvolft.

Kristján segir að með réttu megi tala um bókina sem harmsögu en þó með ákveðnum formerkjum. „Þetta er harmsaga, þannig lagað, en hún fjallar í raun og veru ekki um harminn heldur einmitt um vonina. Hún er stóri kjarninn og þarna eru sálir sem eru brothættar en láta einhvern veginn ekki brjóta sig.

Fyrst og fremst vegna þess að þær ákveða bara að stíga upp úr eymdinni og ætla sér ekki að erfa þetta við einn eða neinn,“ segir Kristján og bætir við að sjálfur hafi hann heldur ekki skrifað söguna með neitt slíkt uppgjör í huga. „Ég er fyrst og fremst bara með skáldskap sem segir hvernig þetta var í raun og veru.“

Þótt Lókin í golunni komi fyrst núna út á bók hefur Kristján notað söguna til kennslu á ritlistarnámskeiðum við Endurmenntun Háskólans í átta ár þar sem nemendur hans hafa fengið að kynnast ýmsum þáttum varðandi uppbyggingu sögunnar, hvað sagan hefur að geyma, hvernig hún er samansett og hvers vegna hann skrifaði hana.

> „Núna á ég sex óútgefnar, alveg tilbúnar skáldsögur í Word-skjölum. Og er að vinna við tvær þannig að þarna liggja nokkur þúsund blaðsíður.

## Sex óútgefnar

„Það skemmtilega við þessa sögu er að ég hef notað hana í átta ár sem skólabókardæmi um hvernig saga er byggð upp og hvernig ég vinn hlutina þegar ég hef verið að kenna ritlist, eða skáldleg skrif við Endurmenntun Háskólans.

„Ég vann þetta töluvert mikið þannig að ég ákvað fyrirfram hvernig kaflaskipting yrði og hvað yrði í hverjum kafla. Þetta er ein leið til að skrifa skáldsögu eftir ofboðslega njörvuðu skipulagi, sem ég gerði í þessu tilviki.“

Bókin lá því sem Word-skjal í tölvunni löngu áður en hún varð að veruleika og þar er af nógu að taka. „Núna á ég sex óútgefnar, alveg tilbúnar, skáldsögur í Word-skjölum. Og er að vinna við tvær þannig að þarna liggja nokkur þúsund blaðsíður. Eftir að ég kom hingað til Ítalíu er ég bara búinn að vera skrifandi,“ segir Kristján, sem býr í Mílanó ásamt konu sinni og ræðismanni Íslands, Olgu Clausen. „Ég skrifa bara og fer í göngutúra. Það er mitt lífsviðurværi og þetta hangir allt saman,“ segir Kristján og hlær.

„Það er ekki nema 35 gráðu hiti í Mílanó í dag. Ef ég er á Íslandi á ég við gigt að stríða, í hálsi og baki, eftir slys en finn ekki fyrir neinu slíku hérna þannig að það er töluvert mikil búbót að vera í hitanum.“■




EDE
3ja og 2,5 sæta sófar og hægindastóll í koníaksbrúnu áklæði. Set- og bakpullur eru þéttar, mjög þykkar og þægilegar. Fætur eru úr bogadregnu, svörtu járni. Glæsileg, tímalaus hönnun.

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

2,5 sæta sófi 135.992 kr. ~~169.990 kr.~~
3ja sæta sófi 143.992 kr. ~~179.990 kr.~~
Hægindastóll 95.992 kr. ~~119.990 kr.~~




SICILIA
2ja og 3ja sæta sófar og hægindastóll.
2ja sæta sófi 118.993 kr. ~~169.990 kr.~~
3ja sæta sófi 132.993 kr. ~~189.990 kr.~~
Hægindastóll 83.993 kr. ~~119.990 kr.~~




RICHMOND
Skenkur 83.993 kr. ~~119.990 kr.~~






COUVIN
Glerskápur/svart birki
151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

Fallegur borðbúnaður – tilvalinn í útileguna eða út á pallinn!
Medusa Copenhagen




HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ SPAÐANS!

# 16” Pizza

## af matseðli

# 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

**SPAÐINN**

Fjarðargata 11

Dalvegur 32b

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

## Bakþankar



Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

# Hver er þinn Megas?

Sálfræðingar virðast ganga út frá því að reiðin, gleðin, öfundin og græðgin sitji inni í okkur eins og varamenn á Evrópumótinu sem geti svo allt í einu skotist inn á vettvang dagsins og látið gaminn geisa þegar aðstæður krefjast.

En eftir að hafa lesið Hómer læðist sá grunur að manni að guðir og gyðjur séu enn í fullu fjöri og oti okkur mannfólkinu áfram af þótta sínum. Auðvitað veit ég að við erum ólík að upplagi en þó finnst mér eins og framganga okkar skýrist síður af órum en frekar af því hvaða guðum við treystum fyrir örlögum okkar. Stundum má sjá þetta svart á hvítu eins og þegar Bolli Kristinsson jós Dag Eggertsson óhróðri í viðtali hjá Sigmundi, hinna marglitu sokka, sem stöðvaði svartagallsrausið. Eflaust mætti útskýra framgöngu þeirra með analísum en er ekki kjarni málsins sá að Ares herguð blés í Bollabrjóst en Sigmundur er handgenginn skáldagyðjunni Kalíópu og því innblásinn af skáldaanda sem þolir ekki leirburð og enn síður leðjuslag? Að sama skapi, er það ekki Plútos, guð auðsins, sem lætur fólk hugsa í hagræðingum og stunda spillingu, Seifur sem gerir okkur svo blinda af heift að við leggjum fæð á fólk, sem er aumasta hlutskipti sem útbýtt er á jörðu? Og væri nokkur að skipta sér af því hver sefur hjá hverjum, hvers sveindómur fer eða meyjarhaft rofnar ef Hera væri af baki dottin?

En kannski eru guðirnir saklausir af fjöri okkar og fyrrum. En hverjir eru það þá sem draga gullvagninn okkar? Ú, hvað segir Freud um það? ■




